

## Fimm kæra niðurstöðu lögreglustjóra á Vestfjörðum

Fimm einstaklingar hafa kært ákvörðun lögreglustjóra um að hætta rannsókn á meintri fjárkúgun í Bolungarvík. Allir þeir sem kæra ákvörðunina störfuðu í fiskvinnslunni. Ríkissaksóknari hefur þrjá mánuði til að taka afstöðu til kærunnar.

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu á meintum fjárkúgunum í Bolungarvík hafði staðið yfir í rúmlega tvö ár þegar hún var felld niður. Upphaf málsins má rekja til þess þegar fréttamiðlinum Bæjarins besta barst bréf þar sem pólskur verkstjóri hjá útgerðarfyrirtækinu Jakob Valgeir ehf. var sagður hafa tekið eitt þúsund evrur, um 150 þúsund íslenskra króna af öðrum Pólverjum sem hann hafði milligöngu um að útvega vinnu.

Í bréfinu eru birt nöfn um tuttugu Pólverja sem sagðir eru hafa greitt verkstjóranum þessa fjárhæð. Lögreglan fékk bréfið til skoðunar.

Lárus Benediktsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Bolungarvíkur, afhenti lögreglu gögn í málinu. Í kjölfarið var leitað eftir aðstoð mansalsteymis að sunnan. Lárus fundaði einnig með bæjarstjóranum og félagsmálastjóra og gerði þeim grein fyrir því að málið skaðaði bæinn.

„Þetta gæti ekki verið gott til frásagnar fyrir bæinn ef rétt reyndist.“ sagði Lárus í viðtali við Fréttablaðið um málið. Nú hefur lögregla felld niður rannsókn málsins. Fimm meintir brotþolar í málinu, fyrrverandi starfsmenn fiskvinnslunnar, ákváðu að una ekki ákvörðun lögreglustjóra á Vestfjörðum og kærðu hana til ríkissaksóknara. „Rannsókn í málinu var hætt, henni var bara lokið og hætt.“ segir Karl Ingi Vilbergsson, lögreglustjóri á Vestfjörðum, og staðfestir að


Það er verið að hagnýta sér viðkomandi sem þekkir ekki umhverfið og réttindi sín.

Snorri Birgisson, sérfræðingur hjá lögreglu

ákvörðun hans hafi verið kærð til ríkissaksóknara. Hann vill ekki tjá sig um ástæður þess að rannsókn málsins var hætt eða tjá sig um málið.

Unnt er að kæra til ríkissaksóknara ákvörðun lögreglustjóra og héraðsaksóknara um að vísa frá kæru, hætta rannsókn, fella niður mál og falla frá saksókn. Ríkissaksóknari þarf að taka afstöðu til kærunnar innan þriggja mánaða frá því að kærnan barst honum, skrifa lögreglustjóra bréf og óska eftir afriti af málgögnum og setja fram rökstuðning.

Þekkt er að verkafólk greiði verndartolla til að tryggja að það haldi vinnu sinni og eru slíkar greiðslur merki um að ef til vill þurfi að rannsaka hvort mansal sé á ferðinni. „Það er verið að hagnýta sér viðkomandi sem þekkir ekki umhverfið og réttindi sín,“ segir Snorri Birgisson hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og sérfræðingur í mansali hjá lögreglunni. „Það er meiri skilningur á þessum málum núna í kjölfar aukinnar fræðslu um einkenni mansals.“ [kristjanabjorg@frettabladid.is](mailto:kristjanabjorg@frettabladid.is)



Fyrsta skemmtiferðaskip ársins, Magellan, kom til Reykjavíkur í gær. Faxaflóahafnir áætla að 112 skip komi til Reykjavíkur í ár, með um það bil 108 þúsund farþega. Bókanir fyrir árið 2017 eru þar að auki komnar vel á stað.


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Barnshafandi vísað úr landi

**SAMFÉLAG** Ung hjón frá Eritreu mega eiga von á að vera flutt til Ítalíu á næstu dögum. Konan, sem er 25 ára, er komin fimm mánuði á leið og er undir miklu eftirliti lækna vegna áhættumeðgöngu.

Þau hafa verið á flóttu í tíu ár en komu til Íslands fyrir rúmlega ári. Þau þora ekki að koma fram á mynd af ótta við hefndaraðgerðir ítalskrar mafíu við komuna aftur til landsins. Eiginmaðurinn slapp naumlega úr vinnubrælkun skömmu áður en hjónin komu hingað til lands.

Í dag óska þau eftir frestun brottflutnings á meðan mál þeirra fer fyrir dómstóla. - **Konan er 25 ára og komin fimm mánuði á leið.** snæ / sjá síðu 8



### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Líneik Anna Sævarsdóttir skrifar um jöfnuð **12**

**SPORT** Íslensku stelpurnar einu stigi frá úrslitaleiknum. **16**

**MENNING** Anna Gréta Sigurðardóttir er nýkomin úr tónleikaferð með einni bestu stórsveit Svíþjóðar. **22-24**

**LÍFID** Róbert Laxdal er sautján ára gamall rappari sem gaf út sína fyrstu plötu fyrir skömmu. **28-30**

**PLÚS 1 SÉRBLAÐ**  
● FÓLK  
\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



**Pinex<sup>®</sup> Smelt**  
Munndreifitöflur 250 mg

**Actavis**

**VELDU ÞÉR LYKILVIKU**  
Á ÓB.IS OG ÞÚ STYÐUR MOTTUMARS

**MOTTU MARS** **ÓB**

Minna mál með **SagaPro**

**SAGAMEDICA**  
www.sagamedica.is



Bankastjóri Evrópubankans er þungt hugsi þessa dagana. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

## Telja ástandið vera alvarlegt

**EFNAHAGSMÁL** Greiningaraðilar hjá Credit Suisse telja að efnahagsástandið í Evrópu sé mjög veikburða og ekki enn á batavegi eftir erfða byrjun árs 2016.

Í minnisblaði sem Credit Suisse sendi frá sér nýlega kemur fram að á síðustu þremur mánuðum hafa efnahagsskiyrði í Evrópu breyst verulega. Í desember bentu fjölmargir vísar til þess að bjartari tímar væru fram undan í Evrópu. Væntingavísitölur neytenda og fyrirtækja voru háar, og fóru hækkandi. Útgjaldaáætlanir fyrirtækja voru að aukast og neytendur eyddu meiru vegna hækkandi launa og lægra olíuverðs.

Nú beina greiningaraðilar sjónum sínum sérstaklega að fjórum atriðum sem sýna fram á af hverju þeir eru svartsýnir um efnahagsástandið í Evrópu. Í fyrsta lagi hafa vísitölur í þjónustu- og framleiðslugeiranum lækkað verulega síðan í desember. Í öðru lagi benda kannanir Credit Suisse til þess að fyrirtæki hafi dregið úr útgjaldaáætlunum sínum í Evrópu.

Í þriðja lagi hafa skilyrði á fjármálamarkaði versnað, meðal annars vegna ótryggðra skulda banka og lækkunar á hlutabréfaferði. –sg

## Þungt haldinn eftir hnífstungu

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald til miðvikudags. Maðurinn er grunaður um að hafa stungið annan mann í bakið fyrir utan stúdentagarðana við Sæmundargötu aðfaranótt sunnudags.

Sá er varð fyrir árásinni gekkst undir aðgerð á Landspítalanum og er þungt haldinn í öndunarvél á gjörgæsludeild.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var hinn grunaði yfirheyrður seinni part sunnudags og voru einnig teknar skýrslur af nokkrum vitnum.

Bláðamaður mbl.is varð vitni að árásinni. Samkvæmt frásögn miðilsins skiptust árásarmaður og þolandi á hnefahöggum stutta stund og hófu svo að glíma hvor við annan. Fáeinum sekúndum síðar var áflognum lokið og sáu vitni hvar blæddi mjög mikið úr baki þess sem stunginn var. –þv

## Gefur kost á sér í embætti forseta



Vigfús Bjarni Albertsson, sjúkrahúsprestur á Landspítalanum, tilkynnti á fundi með stuðningsmönnum á Hótel Borg í gær að hann myndi gefa kost á sér í embætti forseta Íslands. Átta manns hafa nú þegar lýst yfir áhuga á embættinu. Búast má við að þeim fjölgi á næstu vikum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Vill í stjórn Icelandair

**VIÐSKIPTI** Öll núverandi stjórn Icelandair Group býður sig fram til áframhaldandi setu í stjórn félagsins auk Svanhildar Nönnu Vigfúsdóttur athafnakonu. Því er ljóst að kosið verður í stjórnina.

Svanhildur Nanna Vigfúsdóttir er þekktust fyrir að hafa átt olíufélagið Skeljung með manni sínum, Guðmundi Þórðarsyni.

Í stjórn Icelandair Group sitja nú Sigurður Helgason stjórnarformaður, Úlfar Steindórsson, Ásthildur Margrét Otharsdóttir, Katrín Olga Jóhannesdóttir og Magnús Magnússon.

Aðalfundur félagsins verður haldinn á Nordica-hótelinu þann 10. mars næstkomandi klukkan hálfimm. –jhh

» Sex bjóða sig fram í fimm manna stjórn Icelandair Group og því þarf að kjósa

# Skólameistari hræðist björkvöld nemenda

Alengt er að nemendafélög skipuleggi björkvöld fyrir menntaskólanema sem haldin eru á skemmtistöðum. Skólayfirvöld þekkja vandann en hika ekki við að tilkynna slíkt til lögreglu. Veitingahúsarekandi segir löggjöfina gallaða.

**SAMFÉLAG** Samkvæmt menntaskólanemum er alengt að nemendafélög menntaskólanna skipuleggi og standi fyrir svokölluðum björkvöldum.

Að sögn fjölda menntaskólanema er björkvöld nánast um hverja einustu helgi, hjá einhverju nemendafélagi. Í flestum tilfellum eru þau haldin á skemmtistöðum og selt er inn á staðina.

Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund, segist kannast við umrædd björkvöld, þau hafi komið upp af og til í gegnum árin. „Ef ég heyri af einhverju slíku með fyrirvara þá læt ég lögregluna vita,“ segir Már en tekur fram að hann hafi ekki heyrt af slíku kvöldi síðastliðinn vetur.

„Maður er skithræddur við þessi kvöld. Þetta er eftirlitslaust og þarna eru unglingar sem kunna ekkert með áfengi að fara og það getur allur skrattinn skeð,“ segir Már.

Samkvæmt áfengislögum er óheimilt að selja þeim sem eru yngri en 20 ára áfengi. Að sögn nemenda er auðvelt fyrir einstaklinga undir 20 ára aldri að kaupa áfengi á björkvöldum, margir noti fölsuð skilríki en oft á tíðum er lítil sem engin gæsla inni á stöðunum.

„Ég trúir því ekki að nemendafélögin skipuleggi þetta,“ segir Már og tekur fram að þeir sem eru í forystu nemendafélags Menntaskólans við Sund fái starf sitt metið sem sjálfstæðan áfanga. „Það er alveg klárt mál að ef reglurnar eru brotnar með þessum hætti þá er allt samstarf búið,“ segir Már.

Haukur Vagnsson, framkvæmdastjóri skemmtistaðarins Hendrix, segir að það sé ekki óalengt að ein-



Menntaskólanemar segja að auðvelt sé að nálgast áfengi á skemmtistöðum þar sem björkvöld eru haldin. NORDICPHOTO/GETTY

Þetta er eftirlitslaust og þarna eru unglingar sem kunna ekkert með áfengi að fara og það getur allur skrattinn skeð

Már Vilhjálmsson, rektor Menntaskólans við Sund



Allir sem koma hingað inn eru spurðir um skilríki

Haukur Vagnsson, framkvæmdastjóri á Hendrix



staklingar hafi samband við hann til að halda björkvöld fyrir menntaskólanema. Haukur vísar því algjörlega á bug að börn undir 18 ára séu á staðnum eða að ungmenni yngri en 20 ára geti keypt þar áfengi. „Allir sem koma hingað inn eru spurðir um skilríki og þeir sem hafa náð tuttuugu ára aldri fá armbönd og enginn

fær afgreiðslu á barnum nema að vera með armband,“ segir Haukur.

Að mati Hauks er löggjöfin misvísandi því 18 ára aldurstafrá er inn á staðinn en aldurstafrá er barinn er 20 ára. „Þetta gerir okkur þvilíkt erfitt fyrir, löggjöfin er bara ekki nógu góð í þessu,“ segir Haukur. thordis@frettabladid.is

GÓÐA NÓTT



LUNAMINO

INNIHALDSEFNI:

L-tryptófan, sítrónemelissa, lindarblóm, hafrar, B-vítamín, magnesíum

Melatónín er myndað úr tryptófani



# TAX



## SÍÐASTI DAGUR!

# FREE

# AF ÖLLUM VÖRUM Í ÖLLUM BÚÐUM



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT  
AF ÖLLUM VÖRUM.  
TAX FREE TILBOÐ  
JAFNGILDIR **19.35%**  
AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN  
ER Á KOSTNAÐ  
RÚMFATALAGERSINS.  
VIRÐISAUKA ER AÐ  
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ  
TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - KORPUTORGI - AKUREYRI - SELFOSSI

# Umboðsmaður borgarbúa vill birta álitserðir sínar opinberlega

**STJÓRNSÝSLA** Ingi B. Poulsen, umboðsmaður borgarbúa, segir ekki gert ráð fyrir því að álit og niðurstöður embættisins séu birtar opinberlega en kveðst vilja að svo verði.

Ingi segir að frá því að umboðsmaður borgarbúa hafi tekið til starfa fyrir þremur árum hafi embættið gefið út álit í 37 skipti. Málum sem þangað berist ljúki þó sjaldnast með útgáfu álits.

„Flestum málum er lokið með ráð-

**Í samþykktum fyrir umboðsmann borgarbúa er ekki gert ráð fyrir að álit og niðurstöður séu birtar á vef embættisins.**

Ingi B. Poulsen, umboðsmaður borgarbúa



gjöf eða leiðréttingu og/eða skýringu Reykjavíkurborgar,” segir Ingi.

Aðeins tvö af fyrrgreindum 37 álitum umboðsmanns hafa ratað í birtingu á vef embættisins. „Í samþykktum fyrir umboðsmann borgarbúa er ekki gert ráð fyrir að álit og niðurstöður séu birtar á vef embættisins. Það hefur þó verið vilji minn að opinbera þessari niðurstöður og hluta af þeirri framtíðarsýn sem ég hef fyrir embættið,” svarar Ingi spurður hvers

vegna ekki hafi verið birt fleiri álit.

Ingi segir að vegna vilja síns til að birta álitin hafi verið gerðar tilraunir með birtingar á núverandi vefsvæði embættisins en að í ljós hafi komið að vefsvæðið sé ekki nægilega heppilegt.

„Er nú unnið er að gerð heimasíðu þar sem stefnt er að því að auka upplýsingagjöf um afgreiðslu mála hjá embættinu og stefnt að því að birta álit og stefnumarkandi niðurstöður á vef í einu eða öðru formi.“ -gar

## Hlutverk umboðsmanns borgarbúa

Umboðsmaður sér um að leiðbeina íbúum og fyrirtækjum í samskiptum við borgina við að leita réttar síns telji fólk brotið á sér og veita ráðgjöf um kæruleiðir vegna þeirra mála sem til hans koma.

Heimild: Heimasíða umboðsmanns borgarbúa.



Reagan varð 94 ára. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Nancy Reagan er látin

**BANDARÍKIN** Nancy Reagan, fyrrverandi forsetafrú Bandaríkjanna, lést á heimili sínu í Bel Air í Los Angeles í gær. Hún var 94 ára gömul. BBC fréttastofan segir að heilsufar hennar hafi verið mjög slæmt síðastliðin ár. Nancy var gift Ronald Reagan í 52 ár og var sambandi þeirra eitt sinn lýst sem einhverju mesta ástarævintýri í sögu bandaríska forsetaembættisins. Þegar hún varð forsetafrú árið 1981 var hún harðlega gagnrýnd fyrir dýrar endurbætur sem voru gerðar á Hvíta húsinu. -jhh

## Arnarfell fast í Árósum eftir árekstur

**VÍÐSKIPTI** Arnarfell, eitt af áætlunarskipum Samskipa, er fast í Árósum í Danmörku vegna skemmda.

Í tilkynningu fyrirtækisins kemur fram að aðfaranótt fimmtudags hafi vélarvona og stjórnlaust skip siglt á Arnarfelli þar sem skipið var á leið sinni frá Cuxhaven til Árósa um Kílar-skurðinn.

Engan í áhöfn Arnarfells sakaði og allur farmur er sagður óskemmdur. Við skoðun hafi hins vegar komið í ljós að skipið þarfnist viðgerðar og því þurfi að losa allan farm frá borði í Árósum. „Verið er að leita leiða til að fá annað skip til að leysa Arnarfellið af hólmi á meðan á viðgerð stendur, en ljóst er að tafir verða á siglingaáætlun Samskipa,” segir í tilkynningu fyrirtækisins. - óká

# Allar loftlínurnar lagðar í jörð

RARIK mun á næstu tuttugu árum afleggja 4.000 kílómetra af loftlínunum og leggja jarðstrengi í þeirra stað. Verkefnið hófst fyrir tuttugu árum. Viðhaldspörf minnkar og straumleysi vegna veðurs verður úr sögunni.

**ORKUMÁL** RARIK ohf., sem er hlutfélag í eigu ríkisins, ætlar á næstu 20 árum að endurnýja allt dreifikerfi sitt með jarðstrengjum og skipta út ríflega 4.000 kílómetrum af loftlínunum á þeim tíma. Félagið hefur fjármagnað fyrsta áfanga þessa átaks sem mun ljúka árið 2020.

Ólafur Hilmar Sverrisson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs RARIK, segir það ekki hafa farið hátt að vinna við að skipta loftlínunum út fyrir jarðstrengi í dreifikerfi fyrirtækisins hófst fyrir um tuttugu árum.

„Á þeim tíma kom að þeim skurðpunkti að kostnaður við að leggja loftlínur og jarðstreng á þeirri spennu sem við erum að vinna með, varð jafnhár. Síðan hefur kostnaður við að leggja jarðstrengi verið lægri en að byggja loftlínur,” segir Ólafur en dreifikerfi fyrirtækisins er á mun lægri spennu en flutningskerfi Landsnets sem hefur verið mikið í umræðunni en kostnaðarmunur loftlínu og jarðstrengs eykst eftir því sem spennan er hærr.

Í vikunni var undirritaður lána-samningur milli RARIK og Norræna fjárfestingarbankans (NIB) að andvirði þriggja og hálf milljarðs íslenskra króna [25 milljónir evra] til að fjármagna fyrsta áfanga endurnýjunar dreifikerfisins sem ljúka á árið 2020. Það nær til rúmlega 1.200 kílómetra af loftlínunum en dreifikerfi fyrirtækisins er um 8.700 kílómetrar þegar allt er talið. RARIK hefur þegar lagt 55% af dreifikerfi sínu í jörð, þannig að ríflega 4.000 kílómetrar eru eftir. Að loknum fyrsta áfanga árið 2020 verða um 2.800 kílómetrar í loftlínukerfi RARIK, sem á fimmtán árum verður jafnt og þétt lagt í jörð. Með þessum framkvæmdum á að draga úr truflunum og rafmagnsleysi vegna veðurs og draga úr viðhaldspörf.

Ólafur líkir dreifikerfi RARIK við háráðanet, og er það dreift um allt land. Um 1995 hófst vinna við að skipta út þeim loftlínunum sem ollu mestum vandræðum – truflunarskráning sýndi hvar mesta ísingarhættan var



Þegar hefur verið skipt út yfir 4.000 kílómetrum af loftlínunum. MYND/RARIK

**Á þeim tíma kom að þeim skurðpunkti að kostnaður við að leggja loftlínur og jarðstreng á þeirri spennu sem við erum að vinna með, varð jafnhár. Síðan hefur kostnaður við að leggja jarðstrengi verið lægri en að byggja loftlínur**

Ólafur Hilmar Sverrisson, framkvæmdastjóri hjá RARIK



## Síðasta stóra tjónið var í 7. desember veðrinu

- Áætlaður heildarkostnaður RARIK vegna tjóna í óveðrinu 7. – 8. desember 2015 er á milli 70 og 80 milljónir.
- Alls brotnuðu 70 staurar í veðrinu, nokkrar slár og vírslit, auk ýmissa smærri bilana, en 17 staurar brotnuðu í Blönduhlíð í Skagafirði, 12 staurar brotnuðu í línunum í Öxarfirði og 19 staurar brotnuðu í Vikurlínu. Auk þess brotnuðu stakir staurar vítt breitt um landið, að undanskildu Austurlandi.

og verstu veðrin. Á þeim svæðum var loftlínunum fyrst skipt út. Í dag er hægt að horfa til annarra svæða þar sem enn eru truflanir en í minni mæli en á þeim hluta dreifikerfisins sem mestar truflanir hafa verið sögulega.

„Eitt af því sem kemur inn í þá mynd eru fuglar sem fljúga á línurnar, en á vissum árstímum er það að valda truflunum,” segir Ólafur og nefnir Suðurlandið sem dæmi. „En svo er það auðvitað líka aldur línanna sem er alltaf í skoðun – bæði árlega og til lengri tíma lítið.“

Sjónræni þátturinn skiptir hér líka miklu máli. Hluti af loftlínunum hafa verið svo lengi í notkun að almenningur veitir þeim kannski ekki mikla athygli. Ólafur segir skipta miklu í umhverfislegu tilliti að geta skipt þeim út fyrir jarðstrengi, sem sýni að loftlínur eru afturkræfar framkvæmdir. svavar@frettabladid.is

Beltone Legend™

## Enn snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone Legend™ heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

**HEYRNARSTÖÐIN**  
Kringlunni · Sími 568 7777 · heyra.is

# GÆÐASAMBAND LJÓSLEIÐARANS

Gæðasamband Ljósleiðarans  
er fáanlegt hjá eftirfarandi fjarskiptafélögum:



Hringdu



365

Ljósleiðarinn er gæðasamband sem  
uppfyllir kröfur nútímaheimila

**500**  
MEGABIT

Ljósleiðarinn býður **500 megabita**  
gæðasamband sem er bæði hraðara og  
snarpara og með sama hraða í báðar áttir.



**LJÓSLEIÐARINN**  
— Gæðasamband

## Nýr skólastjóri á Nesinu

**MENNTAMÁL** Ólína E. Thoroddsen hefur verið ráðin skólastjóri Grunn-skóla Seltjarnarness frá 1. júní 2016, að því er fram kemur á Facebook-síðu Seltjarnarnesbæjar.

Ólína er sögð flestum Seltirningum að góðu kunn þar sem hún hafi starfað við skólann síðastliðin 36 ár, þar af sem aðstoðarskólastjóri síðustu níu ár. Hún hefur leyst skólastjóra af um skeið. – óká



Ólína E. Thoroddsen, nýráðin skólastjóri á Seltjarnarnesi

## Eitur fyrir efnahagslífið

**BRETLAND** „Við myndum sjá fram á fjölda ára þar sem afar erfiðar samningaviðræður stæðu yfir, og það yrði mjög erfitt fyrir Evrópusambandið. Vegna þessa myndum við búa við mikið óöryggi sem myndi virka eins og eitur á efnahagslífið í Bretlandi, Evrópu og í raun heiminum öllum,“ sagði Wolfgang Schäuble, fjármálaráðherra Þýskalands, í viðtali við BBC í gær.

Til stendur að Bretar kjósi um hvort þeir yfirgefi Evrópusambandið eða ekki þann 23. júní næstkomandi. Býsna skiptar skoðanir eru um hvort Bretar skulu slíta sambandinu og hefur David Cameron, forsætisráðherra landsins, ferðast um landið og hvatt fólk til að kjósa gegn tillögu um útgöngu Breta. Flokksbróðir hans og borgarstjóri Lundúna, Boris Johnson, aðhyllist hins vegar úrsögn Breta. – ga

## Aðgerðasinnar í áflogum við lögreglumenn



Lögreglumenn lentu í rýskingum við aðgerðasinna í Tirana-garðinum í Albaníu í gær. Verið var að mótmæla byggingaráformum stjórnvalda, en mikill fjöldi trjáa í garðinum verður felldur til þess að áformin nái fram að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Tryggt verði að aldraðir geti verið saman

Þingmaður VG vill tryggja eldri hjónum og sambúðarfólki rétt til að halda áfram samvistum þótt annað þurfi að dveljast á stofnun fyrir aldraða. Formaður Félags eldri borgara segir fleiri hjónaíbúðir í boði en fólk veit af. Mögulega megi fjölga íbúðunum enn frekar.

**FÉLAGSMÁL** Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, hefur lagt fram frumvarp til breytingar á lögum um málefni aldraðra, sem lýtur að því að tryggja hjónum, og sambúðarfólki, rétt til að vera áfram samvistum þótt annað þurfi að dveljast til langframa á stofnun fyrir aldraða.

Í greinargerð frumvarpsins segir að þessi réttur sé í dag ekki tryggður og því geti öldruð hjón eða sambýlisfólk þurft að slíta samvistum gegn vilja sínum þegar langtímadvöl á stofnun fyrir aldraða er nauðsynleg.

Aðskilnaðurinn geti reynst þeim, og aðstandendum, þungbær og því mikið hagsmunamál aldraðra að tryggja rétt þeirra til áframhaldandi sambúðar.

Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er slíkur réttur við lýði en er misjafnlega tryggður og útfærður. Réttur aldraðra í Danmörku, Noregi og Svíþjóð til sambúðar við maka eða lífsförunaut á stofnun fyrir aldraða byggist á þeirri grunnforsendu að með því aukist réttindi og lífsgæði aldraðra og eru færð fyrir því ýmis rök.

„Sömu sjónarmið og urðu til þess að öldruðum þörum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hefur verið veittur réttur til sambúðar á stofnunum fyrir aldraða hljóta einnig að eiga við héraendis,“ segir í greinargerð frumvarpsins.

Að ýmsu er að hyggja áður en hjónum og sambýlisfólki verður veittur réttur til sambúðar á dvalar-

**Við höfum kynnt okkur betur hvernig þetta er í raun og veru. Og það eru miklu fleiri hjónaíbúðir til en fólk veit af.**

Þórunn Sveinbjörnsdóttir formaður Félags eldri borgara



og hjúkrunarheimilum héraendis, og því er ætlaður aðlögunartími til 1. janúar 2018, m.a. til að læra af reynslu grannþjóðanna. Gert er ráð fyrir að rekstraraðilar heimilanna geti sótt

fjárstyrk í framkvæmdasjóð aldraðra til þeirra breytinga sem þarf að gera.


Þórunn Sveinbjörnsdóttir, formaður Félags eldri borgara í Reykjavík, á einnig sæti í öldungaráði Reykjavíkurborgar. Hún segir ástandið ekki eins slæmt og talið hafði verið.

„Við höfum kynnt okkur betur hvernig þetta er í raun og veru. Og það eru miklu fleiri hjónaíbúðir til en fólk veit af. Bara uppi í Seljahlíð eru fimm eða sex og það eru nokkrar á Hrafnistu og það eru nokkrar á Grund,“ segir Þórunn og bætir við að ástandið sé ekki eins alvarlegt og fullyrt hafi verið fyrir tveimur til þremur árum.

Aftur á móti þurfi að gera fólk betur grein fyrir því að úrræðin séu

til staðar. „Alveg klárlega,“ segir Þórunn. Hún segir þó mjög vel hugsanlegt að það vanti enn fleiri hjónaíbúðir og það sé mikilvægt að halda umræðunni áfram. Það sé ótækt að slíta fólk í sundur eftir 50 til sextíu ára sambúð. „Það er alveg grundvallaratriði.“


Þórunn segir að það vanti líka sárlega önnur úrræði. „Til dæmis ef veikir maki er heima að þá einangrast sá fríski sem er að annast þann veika. Og þarna veit enginn hvað er í gangi. Þarna er gríðarleg þörf á að hvíla þann maka sem er friskur. Þetta vitum við heilmikið um og verðum vör við nánast vikulega.“ svavar@frettabladid.is / jonhakon@frettabladid.is



**galleri sautján**

Dæmi um verðlækkun í Galleri Sautján, Cheap Monday gallabuxur:


Verð nú: **9.995 kr.** | Verð áður: 10.995 kr.



**ENGLABÖRNIN**  
Falling list á stöpur og stríka...

Dæmi um verðlækkun í Englabörnum, Molo samfella:


Verð nú: **4.990 kr.** | Verð áður: 5.990 kr.



**SELECTED**

Dæmi um verðlækkun í Selected, frakki:

Verð nú: **22.990 kr.** | Verð áður: 27.690 kr.



**15% AFNÁM TOLLA**

VIÐ FÖGNUM **AFNÁMI TOLLA**

KRINGLAN GÆTIR ÞINNA HAGSMUNA AF ÖLLU HJARTA!

**Kringlan**

Nánari upplýsingar um afnám tolla og þær vörur sem lækka í verði á kringlan.is

# NOTAÐIR BÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á  
[notadir.brimborg.is](http://notadir.brimborg.is)

## Gerðu góð kaup á notuðum bíl Mikið úrval gott verð



**TILBOÐ: 1.490.000 kr.**

**Chevrolet Spark PTM28**

Skráður september 2013, 1,2i bensín, beinskiptur  
Ekinn 9.800 km.

Verð: 1.590.000 kr.



**VERÐ 2.240.000 kr.**

**Citroën C4 Comfort VFS69**

Skráður september 2012, 1,6Hdi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 38.000 km.



**VERÐ 9.990.000 kr.**

**Land Rover Discovery Sport HSE EUF78**

Skráður júlí 2015, 2,2 dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 42.000 km. Í ábyrgð



**TILBOÐ 2.490.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition MYA52**

Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, beinskiptur  
Ekinn 62.000 km. Í ábyrgð

Verð: 2.690.000 kr.



**TILBOÐ: 3.980.000 kr.**

**Ford Mondeo Titanium FNU14**

Skráður maí 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 65.000 km. Í ábyrgð

Verð: 4.190.000 kr.



**VERÐ 2.450.000 kr.**

**Ford Fiesta Titanium KUD62**

Skráður mars 2014, 1,0i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 9.800 km. Í ábyrgð



**TILBOÐ 3.390.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S AWD FAJ42**

Skráður apríl 2013, 2,0TDCi dísil, beinskiptur  
Ekinn 100.000 km.

Verð: 3.690.000 kr.



**VERÐ 1.190.000 kr.**

**Toyota Yaris Terra OPX01**

Skráður maí 2008, 1,0i bensín, beinskiptur  
Ekinn 114.000 km.



**TILBOÐ 2.590.000 kr.**

**Renault Clio Sport Tourer Expression PKM46**

Skráður júní 2015, 1,5TDCi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 29.800 km. Í ábyrgð

Verð: 2.790.000 kr.



**TILBOÐ: 1.790.000 kr.**

**Peugeot 208 Active DRY19**

Skráður september 2012, 1,4TDCi dísil, sjálfskiptur  
Ekinn 51.000 km.

Verð: 1.990.000 kr.



**TILBOÐ 3.490.000 kr.**

**Suzuki Grand Vitara ZRJ19**

Skráður febrúar 2013, 2,4i bensín, beinskiptur  
Ekinn 63.000 km.

Verð: 3.950.000 kr.



**TILBOÐ: 3.090.000 kr.**

**Ford Focus Titanium YEJ66**

Skráður ágúst 2013, 1,6i bensín, sjálfskiptur  
Ekinn 24.000 km.

Verð: 3.250.000 kr.

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítökuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

**f** FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK  
Notaðir bílar - Brimborg  
Tilboðsbílarirnir fara  
beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Sölueldir eru opnar  
virka daga kl. 9-17  
og laugardaga 12-16.

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

# Vísað burt á fimmta mánuði meðgöngu

Ung hjón eiga von á því að vera flutt til Ítalíu á næstu dögum á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar. Hjónin hafa verið hér á landi í eitt ár en áður höfðu þau verið á flotta frá Eritreu í tíu ár. Á Íslandi liður þeim eins og þau geti loksins átt framtíð fyrir sig og ófædda dóttur.

Snærós  
Sindradóttir  
snaeros@frettabladid.is



Hjartað brast við synjunina," segir Meseret Tsegay, 25 ára barnshafandi kona, sem Útlendingastofnun hefur synjað um hæli hér á landi. Konan og eiginmaður hennar, Mehretab Abraha, eru frá Eritreu og komu hingað til lands í febrúar á síðasta ári. Þeim er vísað burt á grundvelli Dyflinnarreglugerðarinnar.

Hjónin eiga von á dóttur en Meseret er komin fimm mánuði á leið. Hún er undir ströngu eftirliti lækna hér á landi þar sem meðgangan er skilgreind sem áhættumeðganga. Á flóttanum í gegnum Afríku og Evrópu hefur Meseret þrjár misst föstur. Undir eftirliti íslenskra lækna virðist allt ætla að ganga betur.

Í dag mun lögfræðingur hjónanna leggja fram beiðni um frestun réttaráhrifa á meðan þau fara dómstóla-leiðina í von um hæli hér á landi. Það er ekki óalgengt að slíkum beiðnum sé hafnað og þá verða hjónin send aftur til Ítalíu, en það er fyrsta Evrópulandið sem þau voru skræð inn í.

## Í gegnum Afríku

Meseret var fjórtán ára gömul þegar faðir hennar var handtekinn í heimalandinu Eritreu. „Móðir mín flúði með mig og systur mína, sem þá var tólf ára. Við fórum fótgangandi og á kameldýrum yfir til Súdan. Við vorum að fara ólöglega á milli landa svo við gátum bara ferðast á nóttunni og máttum ekki sjást í eyðimörkinni á daginn.“


Móðir Meseret varð eftir í Súdan en hún er orðin öldruð kona. Meseret fór því ein til Líbíu í von um betra líf. Þar kynntist hún Mehretab. „Þegar ég kom til Trípolí [höfuðborg Líbíu] spurðist ég fyrir um hvar ég gæti hitt fólk frá Eritreu. Svo hittí ég hann.“

Mehretab kom fyrr til Líbíu en hann flúði Eritreu níttján ára gamall til að komast hjá því að fara í herinn. Eritrea er alræðisríki og mannréttindi þar eru virt að vettugi. Mehretab fór sömu leið og Meseret, fótgangandi yfir landamærin til Súdan og þaðan til Líbíu. „Það var mjög erfitt að búa í Líbíu á þessum tíma því við erum kristin. Ef þeir sáu að ég bar kross var ég laminn og mér ógnað með hnífum. Það var betra þegar ég vann í Sahara en ástandið var mjög slæmt í borginni.“

Á þessum tíma geisadi stríð í Líbíu og einn daginn var þeim hjónum sagt



Meseret Tsegay og Mehretab Abraha hefur verið synjað um hæli af Útlendingastofnun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK



að allir útlendingar yrðu að koma sér út úr landinu. Meseret var sótt á rútu og flutt að strandlengjunni þar sem hennar beið erfið ferð yfir Miðjarðarhafið á hriplekum bát ásamt 300 öðrum. Eiginmaður hennar var fastur við vinnu í Sahara og leiðir skildi.

## Í flóttamannabúðum

Þegar Mehretab kom tveimur dögum síðar lenti hann í öðrum flóttamannabúðum og þau hjón áttu ekki eftir að vita af hvort öðru í tvo mánuði. Á endanum bárust boð á milli búðanna sem varð til þess að þau fréttu að hitt þeirra hefði lifað ferðina yfir Miðjarðarhafið af.

„Þegar ég spurði hvort ég mætti skipta um búðir til að vera með eiginmanni mínum var mér sagt að þá þyrfti ég að byrja pappírserlið mitt upp á nýtt. Svo ég sagði nei. Ég vildi frekar fá leyfi á Ítalíu.“

Meseret fékk hæli á Ítalíu en Mehretab landvistarleyfi. Þau héldu að þeirra biði nýtt líf en utanumhaldið var sama sem ekkert og þau enduðu á götunni.

## Vinumansal og mafian

Hjónin vilja ekki koma fram á mynd af ötta við glæpamenn sem þau komust í kynni við á Ítalíu. Fari svo að þau

verði send aftur til baka óttast þau hefndaraðgerðir.

„Ég vil ekki sýna andlit mitt því það veit enginn að ég er hér. Ég vann á Ítalíu hjá mönnum sem vildu hafa mig sem þræl. Ég vann við að tina appelsínur hjá þeim en fékk ekkert kaup. Þeir neyddu mig líka til að gera hræðilega hluti,“ segir Mehretab.

Mehretab segir að um skipulagða glæpastarfsemi hafi verið að ræða. Hann hafi meðal annars verið neyddur til að fara með fíkniefnasendingar og hafi verið beðinn um að útvega fólk í vinnuþrælkunina. Hann lýsir því að hann hafi verið eins og milliliður fyrir mafíuna.

„Þeir voru alltaf að ógna mér með hnífum og byssum. Ég gat ekki krafist þess að fá launin mín greidd og í hvert sinn sem mig vantaði pening af því mér var kalt eða af því ég var svangur þá þurfti ég að fara niður á hné og grátbiðja um launin mín. Þá fékk ég smáaura.“

„Einn daginn var ég að fara með sendingu af appelsinum ásamt öðrum manni. Við vorum að afferma bílinn þegar hann skreppur frá. Ég komst í peninga frá þeim og svo hljóp ég í burtu eins hratt og ég gat.“

## Fríðsælt land á hjara veraldar

„Við ákváðum að fara til Íslands því það var langt frá Ítalíu. Ég hafði lesið á netinu að Ísland væri fríðsælt land og að það væri ekki í Evrópusambandinu. Ég veit samt að þið virðið Dyflinnarreglugerðina. Og það er á grundvelli hennar sem okkur er sagt að fara núna,“ segir Mehretab.

„Þeim er alveg sama um stöðu okkar, þau hugsa bara um þessa reglugerð. Við getum ekki dáið vegna Dyflinnarreglugerðarinnar. Á Ítalíu svaf ég í stigangangi í tveir vikur. Lögreglan gerði rassiú á lestarstöðinni svo það var ekki lengur hægt að sofa þar og kirkjan er yfirfull, þó hún hafi reynt að hjálpa okkur. Við höfum engan stað til að fara á.“

Mehretab segir að á Íslandi liði þeim vel og að hér vilji þau ala dóttur sína. „Ég er farinn að sjá framtíð mína hér. Ég var ungur þegar ég flúði heimaland mitt og þá var ég hamingjusamur því ég hélt að ég myndi eiga betra líf, halda áfram að mennta mig og fá vinnu. En þegar ég kom til Súdan var stríð þar líka. Svo þegar ég kom til Ítalíu var ég hamingjusamur því mér hafði verið bjargað af Miðjarðarhafinu og hélt að ég væri kominn til hinnar fríðsömu Evrópu.“

Hjónin segja að betra væri að deyja á Íslandi en að fara til baka í óvissuna. „Á einu ári hér greru ör tíu ára á flotta. Ég er að læra íslensku og við erum að byrja upp á nýtt.“

thekking.is

## TÖLVUKERFIÐ ÞITT Í ÖRUGGUM HÖNDUM

Yfir 300 fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum treysta okkur fyrir sínum tölvukerfum.

Hafðu samband:  
**460 3100 / sala@thekking.is**

**PEKKING**  
Tölvudeildin þín



# Danskir dagar



Hot dog pylsur,  
pylsuþbrauð og dressing  
Allt sem þú þarft í danska Pølse.

Gildir til 13. mars á meðan birgðir endast.

direkte fra  
**Danmark**



**Jolly Cola**

Ekta danskur kóladykkur.

Nýtt í  
Hagkaup direkte fra  
**Danmark**



**Haribo Zourr**

Nýtt og spennandi frá Haribo.

direkte fra  
**Danmark**

Nýtt í  
Hagkaup



**Franskar vöflur**

Vanillu, súkkulaði og heslihnetu.

direkte fra  
**Danmark**

TILBOÐ  
**20%**  
afsláttur á kassa



**Sunquick þykknir**

Bara að bæta við vatni og njóta  
svalandi ávaxtasafans.

direkte fra  
**Danmark**



**Pingvin lakkrisstangir**

Lakkris er ekki bara lakkris.

direkte fra  
**Danmark**

Nýtt í  
Hagkaup



**OK snakk**

Bacon Crisp og Pork Snacks.

**Anton Berg leikur**

Viltu vinna fulla ferðatösku af  
súkkulaði og konfektí?



Til þess að taka þátt þarft þú að kaupa vöru frá Anton Berg, taka mynd af strimlinum og senda myndina ásamt upplýsingum um þátttakanda á netfangið danskir-dagar@innes.is.



**OPIÐ**

allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan,  
Spöng & Eiðistorg

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

www.ils.is 569 6900 08-16

## Hafðu okkur með í ráðum

Íbúðalána sjóður



## Frambjóðendur kynna sig

Frambjóðendur til stjórnar VR kjörtímabilið 2016–2018 kynna sig og áherslur sínar á félagsfundum í sal VR, Húsi verslunarinnar, jarðhæð, **priðjudaginn 8. mars kl. 19:30.**

Félagsmenn VR utan höfuðborgarsvæðisins geta fylgst með fundinum í fjarfundabúnaði á skrifstofum VR á Akranesi, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Skráning vegna fjarfundar er í gegnum [vr@vr.is](mailto:vr@vr.is) eða þjónustuver VR í síma 510 1700.

Allir VR félagar velkomnir!



VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing  
Réttlæti

VR



Staðan í Repúblikanaflokknum er þannig að talið er að einungis einn maður, Ted Cruz, eigi möguleika á að ná forystunni af Donald Trump. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Vilja einvígi um útnefningu

Donald Trump hvetur frambjóðendur í forvali fyrir forsetakosningarnar, aðra en Ted Cruz, að draga sig í hlé og vill heyja einvígi um útnefningu flokksins.

**BANDARÍKIN** Donald Trump, sem tekur þátt í forvali repúblikana fyrir bandarísku forsetakosningarnar, vill etja kappi við Ted Cruz maður á mann. Hann hvetur því aðra frambjóðendur til þess að hætta þátttöku í forvalinu.

Cruz hefur líka látið að því liggja að það væri tímabært fyrir aðra frambjóðendur eins og Marco Rubio og John Kasich að stiga til hliðar. Trump og Cruz unnu báðir í tveimur ríkjum í kosningum sem fóru fram á laugardaginn.

Hjá demókrötunum vann Bernie Sanders í tveimur ríkjum. Forsetafrúin fyrrverandi, Hillary Clinton, heldur engu að síður forystusætinu eftir mikinn sigur í Louisiana.

Trump var skýrmæltur eftir að hafa unnið í Kentucky og í Louisiana. „Ég vildi gjarnan takast á við Ted Cruz maður á mann,“ sagði Trump „Marco Rubio hefur gengið mjög illa í kvöld og persónulega vil ég skora á hann að hætta þátttöku í forvalinu. Ég held að núna sé tíminn til þess að hann geri það,“ bætti hann við.


Ted Cruz öldungadeildarþingmaður tók í sama streng þegar hann sagði að á meðan atkvæðin skiptust niður á marga þátttakendur þá gæfi það Trump ákveðið forskot. BBC hefur það eftir sérfræðingum að Cruz sé eini maðurinn sem geti

Ég vildi gjarnan takast á við Ted Cruz maður á mann

Donald Trump frambjóðandi

mögulega komið í veg fyrir að Trump hljóti útnefningu repúblikana. Athygli vakti um helgina þegar Donald Trump hét því í viðtali í sjónvarpsþættinum Face the Nation á CBS sjónvarpsstöðinni að hann myndi „styrkja löggjöf“ sem heimilar pyntingar ef hann yrði kjörinn forseti. „Við glímum við óvin í Mið-Austurlöndum sem er að afhausa og drekkja fólki í massívum stálbúrum,“ sagði Trump og vísaði þar í Íslamska ríkið í Írak og Sýrlandi. „Við glímum við óvin sem fylgir ekki neinum lögum og reglum. Ef þú minnst á lög þá fara þeir bara að hlæja. Þeir eru að hlæja að okkur á þessu augnabliki.“

Clinton, heldur enn forystu í forvali demókrata. Clinton kvæðst ánægð með að halda forystu eftir helgina. „Það er sama hver vinnur útnefningu demókrata. Ég er ekki í vafa um að okkar versta útkoma verði mun betri en besta útkoma repúblikana getur nokkurn tímann orðið,“ sagði hún. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)



TOPSHOP

Dæmi um verðlækkun í Topshop, Bomber jakki:



Verð nú: **13.490 kr.** | Verð áður: 15.795 kr.



ÚTILÍF

Dæmi um verðlækkun í Útilífi, Nike free:



Verð nú: **19.990 kr.** | Verð áður: 24.990 kr.



Levi's

Dæmi um verðlækkun í Levi's, Levi's 501:



Verð nú: **13.990 kr.** | Verð áður: 17.990 kr.

15%  
AFNÁM  
TOLLA

VIÐ FÖGNUM  
AFNÁMI  
TOLLA

KRINGLAN GÆTIR ÞINNA  
HAGSMUNA AF ÖLLU HJARTA!

Kringlan

Nánari upplýsingar um afnám tolla og þær vörur sem lækka í verði á [kringlan.is](http://kringlan.is)

# NÝR L200 FLÝGUR ÚT



**5** ÁRA  
ÁBYRGÐ



**Mitsubishi L200** er kominn með nýtt útlit, aukið rými og meiri snerpu. Þú finnur varla sterkbyggðari og áreiðanlegri bíl. Svo er hann svo notadrjúgur að erfið verkefni munu bara gleðja hann. Komdu og náðu þér í nýjan L200 áður en hann flýgur frá þér.

**Mitsubishi L200 Intense**  
6 gíra beinskiptur, fjórhjóladrifinn frá:

**6.890.000 kr.**

„Hér er því kominn bíll sem mjög auðvelt er að mæla með og sannast sagna átti reynsluökumaður alls ekki von á svo góðum bíl er hann var sóttur.“

**Finnur Thorlacius**, Fréttablaðinu

  
**MITSUBISHI  
MOTORS**

FYRIR HUGSANDI FÓLK

## Viska Óðins



Magnús Guðmundsson  
magnus@frettabladid.is

Það getur falist hugrekki og framsýni í því að setja fram skoðanir og hugmyndir sem ganga þvert á það sem er ríkjandi hverju sinni. Hugmyndir á borð við lýðræði og mannréttindi, svo dæmi sé tekið af hugmyndum sem skoða heiminn og bæta samfélagið með opnum huga. Andstaða þessara hugmynda eru svo þær sem eru settar fram í ótta, fáfræði og með sérhagsmuni ákveðinna hópa, eins og t.d. stakra þjóða eða stétta, að leiðarljósi.

Ágætis dæmi um síðarnefndu hugmyndirnar voru settar fram í vikunni af Ásmundi Friðrikssyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins. Þær eru þó því miður hvorki nýjar af nálinni né án hljómgrunns í samfélaginu enda leggur Ásmundur áherslu á mikilvægi þess að við þurfum að taka umræðu um þessar hugmyndir. Hugmyndir sem snúast um að í nafni sérhagsmuna lokum við landamærum okkar fyrir flóttafólki og snúum því burt á staðnum. Tökum ekki tillit til afleiðinganna fyrir viðkomandi og segjum okkur frá alþjóðasamningum sem miða að því að mannkynið taki sameiginlega ábyrgð á þeim sem eiga um sárt að binda af völdum styrjalda og ofsókna af ýmsu tagi.

Ásmundur leggur áherslu á að hann sé óhræddur við að taka þessa umræðu og að hana þurfi að taka. Hún er reyndar viðlíka skynsamleg og að taka þurfi umræðu um að leyft verði að kasta af sér vatni í heita pottinum rétt áður en maður fer upp úr, því eðli málsins samkvæmt munu aðrir en maður sjálfur sitja í súpunni. Að við eigum að „þora að taka þessa umræðu“ er því hreinn og klár þvættingur. Mannvænt og síðmenntað samfélag á nefnilega að vera að taka umræðu um það hvernig það geti hjálpað öðrum en ekki hvernig það geti komið sér hjá því.

Við þurfum hins vegar að taka umræðu um hvernig við getum losað samfélagið undan áþján fordóma, afturhalds og sérhagsmuna sem eru í alla staði skaðleg fyrirbæri mannvænu og gæskuríku samfélagi. Þar gæti svarið m.a. verið falið í aukinni þekkingu sem og almennri þekkingarleit einstaklinga og samfélags. Hver sá sem vill auka þekkingu sína og vísýni gæti til að mynda tekið goðið Óðin sér til fyrirmyndar, en talsverðs misskilnings virðist gæta um eiginleika og eðli Óðins bæði hérlendis sem, til að mynda, í Finnlandi. Óðinn var æðstur guða í norrænni og germanskri goðafræði og þekktur fyrir að sækjast sífellt eftir meiri vísku og þekkingu og vera í senn bæði víðförull og gestrisinn, enda hvort tveggja grunnfor-senda allrar þekkingarleitar og framþróunar.

Óðinn er þannig einnig tákmynd þess að norræn og íslensk menning eru ekkert sjálfsprottíð og engu skylt fyrirbæri heldur afsprengi þekkingarleitar, vísýni og gestrisni. Þess er því að sönnu óskandi að Ásmundur Friðriksson og aðrir sem telja mikilvægt að taka umræðu um réttmæti þess að hjálpa sér og sínum frekar en öðrum, hvaðan sem þeir koma, taki sér nú Óðin til fyrirmyndar og láti þekkingarleitina opna huga og leiða hönd til góðra verka.



Við þurfum hins vegar að taka umræðu um hvernig við getum losað samfélagið undan áþján fordóma, afturhalds og sérhagsmuna

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

**Flisabúðin**  
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

## Halldór



## Frá degi til dags

Vinsælasti stjórnmálamaðurinn Skoðanakönnun sem Stundin birti í síðustu viku og sýnir yfirburðastuðning við Katrínu Jakobsdóttur í embætti forseta vakti athygli. Katrín er langvinsælasti stjórnmálamaðurinn á Íslandi. Flokkur hennar missti aftur á móti fylgi fyrir síðustu kosningar og þrátt fyrir vinsældir leiðtogans virðist ekkert benda til þess að henni tækist að auka við fylgið fyrir næstu kosningar. Hverfandi líkur eru því á því að flokkurinn nái sömu stöðu á næsta kjörtímabili og hann hafði á árunum 2009-2013. Í ljósi þessa hlýtur Katrín því að spyrja sig hvort áframhaldandi seta á formannsstöli sé heillandi. Eða hvort réttara væri að taka slaginn um forsetaembættið.

## Styttist í svör

Þrátt fyrir að hafa ekki tjáð sig virðist Össur Skarphéðinsson vera löngu búinn að gera upp hug sinn og stefna að framboði. Spurningin er bara hver sé rétti tíminn til þess að tilkynna framboðið þannig að það vekji sem mesta eftirtekt og umtal. Mögulegt er að hann velji vikuna fyrir páska, dymbilvikuna til þess. Það er tími þar sem oft er litid að fréttu og gefur áhugamönnum um samfélagsmál eitthvað til að skrafa um í fermingarveislum og öðrum fjölskyldubodum sem fram fara um páskahelgina. Áhugamenn um pólitíska framtíð Össurar þurfa því eflaust ekki að bíða lengi til þess að fá skýrari sýn á hana. jonhakon@frettabladid.is

## Jöfnuður eykst



Líneik Anna Sævarsdóttir  
þingmaður Framsóknarflokksins



Hlutfall landsmanna með tekjur undir lágtekjumörkum hefur dregist saman og aðeins einu sinni á síðustu 10 árum hafa jafn fáir mælst undir lágtekjumörkum.

Það er virkilega ánægjulegt að verða vitni að vaxandi jöfnuði í samfélaginu. Heimilum sem þurfa fjárhagsaðstoð hefur fækkað milli ára 2013 og 2014. Árin þar á undan fjölgaði heimilum sem þurftu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum en milli ára 2013 og 2014 varð viðsnúningur og heimilum sem fá fjárhagsaðstoð fækkar. Þetta helst í hendur við þróun í átt að auknum tekjujöfnuði en tekjur hafa ekki dreyft jafnar milli fólks hér á landi frá því mælingar Hagstofunnar hófust árið 2004.

Hlutfall landsmanna með tekjur undir lágtekjumörkum hefur dregist saman og aðeins einu sinni á síðustu 10 árum hafa jafn fáir mælst undir lágtekjumörkum, samkvæmt nýbirtum Félagsvísium velferðarráðuneytisins og Hagstofu Íslands 2015. Það er ávallt ánægjulegt þegar hagar heimilanna batnar. Þessi bættu staða er afleiðing margra samverkandi þátta en ætla má að atvinnumöguleikar og aukin áhersla á velferð vegi þar nokkuð. Frá árinu 2013 hafa skapast um 15.000 ný störf og mælist atvinnuleysi á Íslandi nú það minnsta í Evrópu eða 3,6%, samkvæmt tölum Eurostat sem birtar voru í byrjun febrúar. Til samanburðar mælist atvinnuleysi að meðaltali um 9% í Evrópusambandslöndunum. Þetta er magnaður árangur ef við lítum til þess að árið 2010 mældist atvinnuleysi hér á landi 7,6%.

Á síðustu árum hefur ríkisstjórnin ráðist í aðgerðir með það að leiðarljósi að auka velferð í samfélaginu og fleiri verkefni eru í farvatninu. Gerðar hafa verið breytingar á skattkerfinu, þannig hafa skattleysismörk og persónuafsláttur hækkað sem skilar sér í auknum ráðstöfunartekjum. Vörugjöld hafa einnig verið afnumin og skattar lækkað. Nú er til umræðu í velferðarnefnd frumvarp Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, sem fjallar um uppbyggingu félagslegra leiguíbúða fyrir efnaminni fjölskyldur. Markmið þeirrar vinnu er að bæta húsnæðisöryggi þessa hóps með auknu framboði á hagkvæmu leiguhúsnæði þar sem húsnæðiskostnaður verði í samræmi við greiðslugetu leigjenda. Auk þess er stefnt að breytingum á húsnæðisbótakerfinu, á þann hátt að húsnæðisstuðningur verði aukinn og grunnfjárhæð húsnæðisbóta og frítækjumörk hækkuð. Með fyrrnefndum aðgerðum eykst stuðningur enn frekar við þá sem minnst hafa tekjurnar. Fólk sem fest hefur í fátækragildru fær þá möguleika á að komast í þá stöðu að ná endum saman í lok hvers mánaðar og leggja fyrir.

# Ófagnaðareriðið

Í DAG



Guðmundur  
Andri Thorsson  
rithöfundur

**S**norri Óskarsson, bókstafstrúarmaður kenndur við Betel, var rekinn úr kennarastarfi á Akureyri vegna ítrekðra skrifa sinna á bloggsíðu um að samkynhneigð sé synd sem vekir reiði Guðs og leiði til dauða. Hann vann mál gegn Akureyrarbæ fyrir Hæstarétti nú á dögum, uppsögn hans var dæmd ólögmat. Hann ætlar að sækja bætur til bæjarins. Nefndar hafa verið 12 milljónir.

## Baráttan um þyrnikórónuna

Íslensk umræða er oft barátta um þyrnikórónuna, kapphlaup á krossinn. Þislarvætti þykir einn af ákjósanleg vígstaða – eins og við sáum til dæmis á dögum þegar Ásmundur Friðriksson víðaði árásargjarnar skoðanir á flöttafólki og áður en nokkur hafði æmt var hann búinn að rífa af sér hjálminn og setja upp þyrnikórónu hins ofsótta manns í umræðunni. Hún fór honum ekki mjög vel.

Mál Snorra í Betel þykir meðal annars snúast um það að maður geti víðað umdeildar skoðanir sínar án þess að eiga það á hættu að missa starf sitt og lífsviðurværi. Gott og vel. Það er mikilvægt sjónarmið í opnu lýðræðissamfélagi. En það jafngildir ekki því að maður geti víðað umdeildar skoðanir án þess að það hafi afleiðingar. Við berum alltaf ábyrgð á orðum okkar. Við þurfum alltaf sjálf að súpa seyðið af því sem við segjum og gerum. Það eru ekki mannréttindi að vera laus við það: hafi maður sagt eitthvað fíflalegt

verður maður að una því að vera álitinn fífl. Segi maður eitthvað meiddandi býr maður við það að hafa meitt aðra manneskju með orðum.

Maður skilur þislarvættisblæti bókstafstrúarmannsins en það er samt ekki hlaupið að því að sjá Snorra í Betel fyrir sér með þyrnikórónuna. Og því eru satt að segja takmörk sett hversu hversu mikla samúð hægt er að sýna þeim málstað hans að mega kalla eld og brennistein yfir samborgara sína vegna kynhneigðar í krafti einstrengingslegra túlkana á fornum bókstaf. Orðbragð af því tagi sem hann hefur tamið sér er ein tegund ofbeldis. Með árásum sínum á saklaust fólk boðar Snorri í Betel ekki fagnaðareriðið – heldur ófagnaðareriðið. Hann er, eins og segir í einni elstu heimild um íslenska spaugsemi, í Lárentius sögu biskups frá 14. öld, „fagnaðarlaus kompán“.

## Kennslustarfið

Sum störf fylgja manni alltaf. Það er hægt að vera útfararstjóri á virkum og þungarokkari um helgar. Það væri líka hægt að vera trésmiður á virkum en predikari um helgar í söfnuði sem tryði því að mannkynið væri komnir af kartöflum. Hversu fánlegar sem kenningar smiðsins kynnu að virðast almennungi myndi ekki hvarfla að neinum að gagnrýna smiðarnar í ljósi trúarsetninganna. Við erum upp til hópa umburðarlynd í trúarefnum, til allrar hamingju. Við vitum flest að það er tilgangslaust að rökræða tilvist Guðs – raunar á móta viskulegt og að fetta fingur út í kynhneigð annars fólks.

Í dag gengur í suðaustan hvasuviðri fyrst suðvestanlands upp úr hádegi, með slyddu og síðan rigningu. Hægari vindur norðaustantil fram eftir degi og úrkomulítið. Hiti yfirleitt 0 til 4 stig.

## Þriðjudagur



## Miðvikudagur



## Þrautir

### Krossgáta

- LÁRÉTT**
- ofstopi
  - kringum
  - skjögur
  - sjón
  - kvað
  - barn
  - einkennis
  - í röð
  - hlaup
  - besti árangur
  - tveir eins
  - arða.
- LÓDRÉTT**
- Ló
  - Skst.
  - eyja
  - svelg
  - ávöxtur
  - svívirðing
  - tækifæri
  - óhapp
  - tunna
  - Tveir eins.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19			20
21					

LÁRÉTT: 2. ofst, 6. um, 8. ríð, 9. sýn, 11. ku, 12. krill, 14. aðals, 16. að, 17. gæl, 18. met, 20. yv, 21. arta. LÓDRÉTT: 1. kusk, 3. fr, 4. silkleiy, 5. ídu, 7. myraber, 10. nið, 13. lag, 15. slýs, 16. áma, 19. tt.

### Skák Gunnar Björnsson

Magnús Pálmi Örnólfsson átti leik gegn Stefáni Bergssyni sem lék síðast 35...Ha8-a7 og hótar máti með 36...Hh7#.

#### Hvítur á leik

37. Rd7!! Glæsilegt tvöfalt línurof. 37...Hxd7 38. He8+ Kf7 39. He5 og liðsyrfirburðir hvíts dugðu til sigurs nokkru síðar.

www.skak.is: GAMMA Reykjavíkurskákamótið hefst á morgun.



## Sudoku

### LÉTT

7	8		4			2		
			3	1		8	4	
		5	6			7		
			1	4				
	7		6	2				5
4	9			7	1	6		
								1
5	7				9			
	2	6	5	3				

### MIÐLUNGS

	1	5		2				3
	4				2			
3			4	6	1		7	
				5				6
			9	1	7			
5	4		8	2				
	5	2	1	4	9			
					4	1		
					7	3		

### PUNG

9							6		
				2					4
		4		7					
5	4					3			
		2	8	9				5	
7			2			8			
8			4	6	1	9			
	9		3				7	6	
3									

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

6	1	3	4	5	8	9	7	2
4	2	5	6	7	9	1	3	8
8	7	9	3	1	2	4	5	6
7	8	6	5	2	4	3	1	9
9	3	4	7	8	1	6	2	5
1	5	2	9	3	6	7	8	4
2	9	7	8	4	3	5	6	1
3	4	1	2	6	5	8	9	7
5	6	8	1	9	7	2	4	3
6	7	1	4	2	9	5	8	3
3	4	5	6	8	1	7	9	2
8	2	9	7	5	3	4	6	1
7	1	4	8	3	5	9	2	6
9	5	6	1	4	2	3	7	8
2	3	8	9	6	7	1	4	5
4	9	3	2	1	8	6	5	7
1	6	2	5	7	4	8	3	9
5	8	7	3	9	6	2	1	4
7	2	5	4	8	1	9	3	6
1	3	6	5	7	9	2	4	8
8	4	9	2	3	6	1	5	7
2	5	8	1	4	3	7	6	9
4	1	7	9	6	2	3	8	5
6	9	3	7	5	8	4	1	2
3	6	2	8	9	4	5	7	1
5	8	1	3	2	7	6	9	4
9	7	4	6	1	5	8	2	3

## Myndasögur

### PONDUS



### GELGJAN



### BARNALÁN



Sökkabandið kynnr

# OLD BESSASTAÐIR

eftir Sölku Guðmundsdóttur í leikstjórn Mörtu Nordal

Allra síðustu sýningar

10. mars – kl.20.30

19. mars – kl.20.30 Umræður eftir sýningu: Við og hinir? Marta Nordal leikstjóri, fulltrúi frá Rauða krossinum og Dr. Hulda Þórisdóttir stjórnmalasálfræðingur.

„Ekki bara um málefni Íslands heldur líka málefni heimsins.“ – S.J. Harmageddon

„Byltingin er hafin! Til hamingju með Old Bessastaðil!“ – Kristín Ómarsdóttir

„Meinfyndið og beitt leikverk...talar beint inn í okkar samtíma.“ – S.J. Fréttablaðið

„Allar vinna þær (leikkonurnar) vel úr efnivið sínum undir smekkvísri stjórn Mörtu Nordal...“ – Þ.T. Morgunblaðið

# 17

## 2017

### VIÐ BJÓÐUM

# Morgunverð

## ÓDÝRARI

## BIFREIÐASKOÐUN

kl. 8-11

### Morgunverð

KR.

# 7.710



ALMENNT  
VERÐ

~~10.950~~

GILDIR FYRIR FÓLKSBIÐLA  
Í EINKAEIGN



"MORGUNVERÐ" GILDA 7.-24. MARS  
ALLA VIRKA DAGA KL. 08:00 TIL 11:00.

ATH. MORGUNVERÐ ERU EINUNGIS Í BOÐI Á  
EFTIRFARANDI SKOÐUNARSTÖÐUM FRUMHERJA

#### REYKJAVÍK

Hesthálsi 6-8, 110 Reykjavík  
Grandi, Hólmaslóð 2, 104 Rvk.  
Sund, Klettagörðum 11, 104 Rvk.  
Skeifan, Grensásvegi 7, bakhús, 108 Rvk.

#### HAFNARFJÖRÐUR

Dalshrauni 5, 220 Hafnarfjörður

#### AKUREYRI

Frostagötu 3a. 603 Akureyri

#### KÓPAVOGUR

Dalvegi 22, 200 Kópavogur

KOMDU TIL OKKAR Í "MORGUNVERÐ" Á MILLI  
KL. 8-11 Á MORGNANA OG LÁTTU SKOÐA  
BÍLINN FYRIR KR. 7.710. Á MEÐAN ÞÚ BÍÐUR,  
ÞÁ BJÓÐUM VIÐ UPP Á "MORGUNMAT"  
NÝ RÚNSTYKKI OG GÆÐA KAFFI.

(GILDIR Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST)



## Frumherji

Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



- örugg bifreiðaskoðun um allt land

# Vil gera meira í eigin nafni, stofna bönd og semja

**Anna Gréta Sigurðardóttir, sem var valin bjartasta vonin í djassi og blús á Íslandi 2015, er nýkomin úr tónleikaferð um sænska landsbyggð með einni bestu stórsveit Svíþjóðar, Norrbotten Big Band.**

Ég er frekar mikið að spila úti um allt með mismunandi fólki og á mismunandi stöðum svo dagarnir snúast um æfingar og gigg, ég er í skóla líka svo það er dálítið þúsl að láta allt ganga upp. En þetta mallar einhvern veginn,“ segir Anna Gréta Sigurðardóttir djasspianisti, sem var valin bjartasta vonin í djass- og blús-flokki á Íslensku tónlistarverðlaunum 2015 og stundar nú nám við Kungliga musikhögskolan í Stokkhólmi.

Nýlega fékk hún að upplifa landsbyggð Svíþjóðar í vetrargallanum því hún ferðaðist í tvær vikur um Norrbotten-svæðið með Norrbotten Big Band, einni bestu stórsveit þar í landi. „Það var æðislegt – en það var kalt. Fór í 17 gráður í mínus,“ segir hún. „Við fluttum tónlist sem var skrifuð af ungu fólki á svæðinu og útsett af big-bandinu. Leið bandsins til að ná til yngra fólks.“ Hún kveðst hafa komist í ferðina gegnum Hákan Broström, einn af fremstu saxófónleikurum Svíþjóðar. „Ég var að spila með Hákan í hljómsveitinni hans og í kvartettum og hann spilar líka með



Anna Gréta hefur nóg að gera í spilamennskunni í Svíþjóð. MYND/ KENTH WÁNGKLEV

Norrbotten Big Band ásamt fleiri fráberum sólóistum.“

Anna Gréta flutti til Stokkhólms undir haust 2014 og er ánægð. Spurð hvort hún hafi kunnað sænsku þegar hún kom út svarar hún: „Nei, ég fékk að læra hana hér. Það voru svona tveir mánuðir í myrkrinu og svo opnaðist allt skyndilega og ég fór að skilja. Mér finnst Stokkhólmur æðisleg borg og það eru flottir djassstónlistarmenn hérna. Fólk er líka mjög meðvitað um jafnrétti í bransanum hér, án þess að ég ætli að fara að gagnrýna Ísland.“

Hún á eitt og hálf ár eftir í skólanum en hyggst búa áfram í Stokkhólmi og halda áfram að spila. „Svo vil ég gera meira í eigin nafni, setja saman eigin bönd og semja.“ Spurð hvort fleiri ferðalög séu á döfinni svarar hún: „Ekki langir túrar en ég og söngkonan Stina Agustsdóttir, sem býr hjérna, erum með verkefni sem heitir Björkologi, það er tónlist Bjarkar í okkar eigin djass-útsetningum, og við ætlum að túra um Svíþjóð í mars og apríl. Svo ætlar pabbi, Sigurður Flosason, að koma í júní og þá tókum við einhver sumar-gigg saman.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



## Að takast á við karlmennskuna

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins boðar til örráðstefnu um krabbamein í blöðruhálskirtli **Þriðjudaginn 8. mars 2016 kl. 16:30-18:00** í húsi félagsins að Skógarhlíð 8

- 16:30 Kristján Oddsson forstjóri Krabbameinsfélags Íslands setur ráðstefnuna
- 16:35 **Á ég að fara í PSA-mælingu?** Rafn Hilmarsson þvafgæfaskurðlæknir
- 16:50 **Endurbætt greining krabbameins í blöðruhálskirtli** Martin Eklund dósent við Karolinska Institutet
- 17:10 **Ákvörðunartæki til aðstoðar við val á meðferð** Ragna Margrét Brynjarsdóttir BS í sálfræði og Heiðdís Valdimarsdóttir sálfræðingur
- 17:25 **Hvað tekur við eftir greiningu?** Hólmfríður Traustadóttir hjúkrunarfræðingur
- 17:40 **Reynslusaga** Helgi Pétursson
- 17:50 Fyrirspurnir og umræður  
Fundarstjóri: Kolbeinn Árnason

Allir velkomnir – ókeypis aðgangur



## Kjarni heimsins

### LEIKLIST

#### Skugga-Baldur

★★★★★

**Studio Hrdinu og Listasafn Reykjavíkur (Hafnarhús)**

**Handrit:** Kamila Polívková og Tera Hof

**Höfundur sögu:** Sjón

**Leikstjórn:** Kamila Polívková

**Leikur:** Tera Hof

**Sviðsmynd:** Antonín Silar

**Búningar:** Zuzana Formánková

**Tónlist:** Ryan van Kriedt og Jón Sæmundur Auðarson

**Video og grafík:** Jón Sæmundur Auðarson og Antonín Silar

**Sýningin er á ensku**

Um niðdimma nótt leggur grasalæknir unga konu í ómerka gröf. Á snævi þakinni heidi læðist byssumaður á eftir tófu sem lítur út eins og steinn. Tékkneski sviðslistahópurinn Studio Hrdinu frumsýndi sína útgáfu af Skugga-Baldri eftir Sjón í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu síðastliðinn föstudag.

Sjón er eitt okkar allra besta skáld. Sem skáldsaga er Skugga-Baldur knöpp í formi en sagan um séra Baldur, grasalækninn Friðrik og Abba ristir djúpt. Í dulargervi rómantikurinnar fjallar skáldið um áleitnar siðferðislegar spurningar og skoðar samband mannsins við náttúruna. Hér er ort um líf og dauða, alheiminn og nærsveitir, líkama og sál.

Úrvinnsla Studio Hrdinu á texta Sjóns er á mörkum frásagnar og sviðsetningar en handritið er í höndum leikstjóra og leikkonunnar. Það verkefni vinna þær nokkuð vel og leggja áherslu á kjarna sögunnar frekar en smáatriði. Tera Hof er eins konar sögumaður og leikur einnig öll hlutverkin. Hennar helsti styrkur er raddbeytingin sem er skýr og spennandi en hún er líka lipur á sviði. Hún skilar persónunum ágætlega en hér fer mikill tími í það að skipta um búninga, þoka framvindu atburða yfir í næstu atriði og gæta þess að tæknin virki. Teru tekst best upp þegar hún fær tæki-



Tereza Hof, leikkona fer með öll hlutverkin í sýningunni Skugga-Baldur í Hafnarhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

færi til að rýna í persónurnar og þar nýtur persóna séra Baldurs sín best. Feigðarför hans á eftir tófunni er nefnilega ferðalag hans inn í sjálfan sig og sú saga öðlast líf í þessari sviðsetningu.

Leikstjórnin er í höndum Kamilu Polívková og á hana verða að skrifast ótalin búningaskipti sem slæva framvinduna og drepa niður spennu. Sýninguna skortir skýrari hraðabreytingar og þéttari framvinda. Aftur á móti eru lítil en áhrifarík augnablik víða að finna í sýningunni; snjókor falla ljúflega til jarðar, grasaseiði er bruggað og þögnin blómstrar. Sviðsmyndin er stílhrein en stór rammi svífur yfir sviðinu og í einu horninu stendur trékassi sem geymir ýmsa leyndardóma. Fagurfræði Antonín Silar er skýr og sómir sér vel í því rými sem galleri Hafnarhússins hefur að bjóða. Lýsingin sömuleiðis en enginn er skráður fyrir þeirri hönnun. Búningar Zuzanu Formánková byggja frekar á tákmyndum heldur en naturalisma og stundum heppnast vel til, þá sérstaklega með stóru loðkápunum.

Tæknivinnslan skapar dýpt í


sýningunni og leiðir áhorfendur í óvænt ferðalög um stræti Reykjavíkur. Tæknilegir örðugleikar þjökkuðu flutninginn í byrjun en vandamálið var leyst faglega og rösklega. Jón Sæmundur Auðarson og Antonín Silar sjá um myndvinnslu og grafík sem er bæði falleg og frumleg og lyftir mjög anda sýningarinnar. Tónlistina sömdu Ryan van Kriedt og Jón Sæmundur Auðarson en þrátt fyrir góða og kraftmikla spretti þá hefði hún mátt vera meira afgerandi.

Í lokaatriðinu er slegin tónn sem hefði átt að hljóma alla sýninguna. Tera í gervi Baldurs kastar af sér hinu mannlega eðli og klæðir sig í hið dýrslega, mannveran og náttúran verða eitt. Óþið nísti inn að beini. Skugga-Baldur er áhugaverð tilraun til að færa magnað skáldverk í nýjan og sviðsvænan búning. Tilraunin heppnast misjafnlega vel en lítil einstök augnablik og myndvinnslan sitja eftir í minninu, líkt og litla brefið sem fylgdi með heimleiðis í vasanum.

Sigríður Jónsdóttir


**NIÐURSTADA:** Tilraunina skortir skýrari ramma og sprengikraft.

# HOLLARI SKÓLAJÓGÚRT Í FJÖLSKYLDUSTÆRÐ



**Skólajógúrt** er nú **sykurminni** og uppfyllir viðmið Skráargatsins um sykurmagn í jógúrt. Jógúrtin er afar **kalkrík**, inniheldur **trefjar** og fæst núna einnig í stærri umbúðum.

**Veldu það sem hentar þinni fjölskyldu.**



## SAMBIÓN

Grjóthörð hasarmynd

**LONDON HAS FALLEN**  
16

**ZOOTROPOLIS**  
16

**ROOM**  
12

Sýnd með íslensku og ensku tali

ALFABAKKA	EGILSHÖLL
LONDON HAS FALLEN kl. 5:40 - 8 - 10:20	LONDON HAS FALLEN kl. 5:40 - 8 - 10:20
LONDON HAS FALLEN VIP kl. 5:40 - 8 - 10:20	ZOOTROPOLIS IS.TAL. 2D kl. 5:40
ZOOTROPOLIS IS.TAL. 2D kl. 5:40	ZOOTROPOLIS ENSKT.TAL. 2D kl. 10:30
ZOOTROPOLIS ENSKT.TAL. 2D kl. 5:40 - 8 - 10:20	ROOM kl. 5:30 - 8
ROOM kl. 8 - 10:30	ZOOLANDER 2 kl. 8 - 10:20
ZOOLANDER 2 kl. 5:40 - 8 - 10:30	HOW TO BE SINGLE kl. 5:30 - 8 - 10:20
HOW TO BE SINGLE kl. 8	<b>SAÞMÍÐIÐ KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI</b>
DIRTY GRANDPA kl. 10:20	LONDON HAS FALLEN kl. 8 - 10:20
STAR WARS 2D kl. 5	ZOOTROPOLIS IS.TAL. 2D kl. 5:40
<b>SAÞMÍÐIÐ AKUREYRI</b>	ROOM kl. 5:30 - 8 - 10:30
LONDON HAS FALLEN kl. 8 - 10:20	THE DANISH GIRL kl. 8
ZOOTROPOLIS IS.TAL. 3D kl. 5:40	THE BIG SHORT kl. 5:20 - 10:30
ROOM kl. 10:20	<b>SAÞMÍÐIÐ KEFLAVÍK</b>
THE DANISH GIRL kl. 5:40	LONDON HAS FALLEN kl. 8 - 10:20
ZOOLANDER 2 kl. 8	THE BROTHERS GRIMSBY kl. 8 - 10:20

## SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

MISSTU EKKI AF FYNDNUSTU MYND ÁRSINS

**THE BROTHERS GRIMSBY**  
16

**ALVIN**  
16

**FYRIR FRAMAN ANNAD FÓLK**  
16

**TRIPLE 9**  
16

**DEADPOOL**  
16

Sýningartímar á eMið.is, mið.is og smarabio.is

## LAUGARÁS BÍÓ

Coca-Cola

**THE BROTHERS GRIMSBY**  
16

**TRIPLE 9**  
16

**ZOOTROPOLIS**  
16

**DEADPOOL**  
16

**FYRIR FRAMAN ANNAD FÓLK**  
16

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar
BROTHERS GRIMSBY	6, 8, 10
TRIPLE 9	10
FYRIR FRAMAN ANNAD FÓLK	6, 8
ZOOTROPOLIS 2D	5:40 ISL.TAL.
DEADPOOL	8, 10:20

# Hvað? Hvenær? Hvar? Mánudagur

### Dans

**Hvað?** Tangó Milonga Tangóævintýra-félagsins  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Sólón Bistro, Bankastræti 7  
 Frír kynningartími í argentínskum tangó til klukkan 21.00 og síðan dansað áfram til 23.00 á annarri hæð á Sólón Bistro. Engin danskunnátta nauðsynleg og ekki þarf að mæta með félagi.

### Tónlist

**Hvað?** Mánudjass  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Húrra, Naustunum  
 Venju samkvæmt verða leiknir ljúfir mánudagsdjasstónar á skemmtistaðnum Húrra. Allir velkomnir.

**Hvað?** Trúbadorinn Ellert  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** American Bar  
 Trúbadorinn Ellert slær á léttu strengi á American Bar í kvöld.

**Hvað?** DJ Pilsner 2.25%  
**Hvenær?** 22.00  
**Hvar?** Kaffibarinn  
 Dj Pilsner 2,25% þeytir skifum á Kaffibarnum í kvöld.

### Fundir

**Hvað?** Borgarafundur um stöðuna í stjórnarskrármálinu  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Norræna húsið Stjórnmalasamtökin Dögun og Stjórnarskrárfélagið efna til fundar í Norræna húsinu í dag. Fundarefni eru drög stjórnarskrárfundar sem birt voru þann 19. febrúar sl. Frum-mælendur: Páll Þórhallsson, formaður stjórnarskrárfundar, sem kynnir störf nefndarinnar og þau þrjú frum-vörp sem eru til umræðu, Katrín Oddsdóttir, formaður Stjórnarskrárfélagsins kemur næst og að loks Sigurður Haraldsson, fulltrúi Dögunar. Pallborðsumræður.

**Hvað?** Samræður um lífsskoðanir Íslendinga  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Kex hostel



Samræður um lífsskoðanir Íslendinga á Kexi hosteli í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Samræður um lífsskoðanir Íslendinga á Kexi hosteli í kvöld. Sigurður Hólm Gunnarsson, varaformaður Siðmenntar, og Hjalti Hugason, prófessor í kirkjusögu við guðfræði- og trúarbragðafræðideild HÍ og áhugamaður um samspil trúar, samfélags og menningar í sögu og samtíð, ræða niðurstöður úr könnun Siðmenntar um lífsskoðanir Íslendinga. Sunna Valgerðardóttir fjölmiðlakona stýrir umræðunum. Auðvelt aðgengi fyrir alla og aðgangur er ókeypis.

### Námskeið

**Hvað?** WebSnack – Frítt námskeið í vefforritun  
**Hvenær?** 09.00 og 14.00  
**Hvar?** Vefþróun, Tækniskólanum  
 Opíð námskeið hjá Vefskólanum þar sem í boði er að kynna sér nám hjá skólanum. Kennari er Santiago Donoso, gestakennari frá Copenhagen School of Design and Technology. Nokkur námskeið í boði og er hægt að kynna sér framboðið nánar og skrá sig á námskeiðin á vefsíðunni Vefskoli.is/websnack. Þátttakendur mæta með eigin fartölvur.

### Uppákomur

**Hvað?** Bókmenntaspjall – Páll Baldvin Baldvinsson  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Hannesarholt  
 Páll Baldvinsson ræðir verk sitt Stríðsárin 1938-1945 á Bókmenntaspjalli í Hannesarholtri. Í erindinu kynnir hann verkið og fjallar um nokkra þætti þess með myndum frá tímabilinu. Miðaverð er 1.000 krónur.

**Hvað?** Video Games pub-quiz  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Stúdentakjallarinn, Háskóla Íslands  
 Tölvuleikjabaarsvar í Stúdentakjallarunum í kvöld. Ekki fleiri en þrír saman í liði og átján ára aldurstakmark. Barsvarið fer fram á ensku.

### Sýningar

**Hvað?** Skugga-Baldur  
**Hvenær?** 20.00  
**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur  
 Tékknescíslenskt leikverk sem byggt er á skáldsögunni Skugga-Baldri eftir Sjón. Um leikstjórn sér Kamilla Polívková. Miðaverð er 2.500 krónur.

**Hvað?** Ofar mannlegum hvötum / Beyond human impulses  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu 2  
 Gjørningakvöld í Mengi fyrsta mánudag hvers mánaðar. Í kvöld eigapau Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir, Ingibjörg Magnadóttir, Katrín I. Hjörðisdóttir & Futuregrapher, Magnús Logi Kristinsson og Sigtryggur Berg Sigmarrson gjörninga og eru þær Ásdís Sif Gunnarsdóttir, Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir, Eva Ísleifs, Ingibjörg Magnadóttir og Katrín Inga Jónsdóttir Hjörðisdóttir sýningarstjórar. Miðaverð er 2.000 krónur.



Skugga-Baldur verður á Listasafninu í dag.



# 4 ÓSKARSVERÐLAUNATILNEFNINGAR

## BESTA MYND

BESTA LEIKSTJÓRN - LENNY ABRAHAMSON  
BESTA HANDRIT - EMMA DONOGHUE  
BESTA LEIKKONA Í AÐALHLUTVERKI - BRIE LARSON

"JOAN ALLEN IS EXCELLENT."  
JUSTIN CHANG, *VARIETY*

"LIFE-AFFIRMING AND AWE-INSPIRING."  
BRIAN FORMO, *COLLIDER*

"JACOB TREMBLAY IS A STARTLING REVELATION."  
NIGEL SMITH, *theguardian*

"ASTONISHING PERFORMANCES."  
DAVID EHRLICH, *TimeOut New York*

"AN ENTHRALLING FILM WITH TWO EXCEPTIONAL PERFORMANCES."  
JOE MORGENSTERN, *THE WALL STREET JOURNAL*



"BRIE LARSON MUN FÁ ÞIG TIL AÐ TAKA ANDKÖF. ÞÚ MUNT EKKI SJÁ BETRI LEIK Í ÁR"



SIGURVEGARI  
PEOPLE'S CHOICE AWARD

tiff.40 toronto international film festival

## ÓSKARSVERÐLAUN

Besta leikkona í aðalhlutverki  
- Brie Larson

## Óður til móðurastarinnar

RICHARD LAWSON, VANITY FAIR




ÁSTIN Á SÉR ENGIN TAKMÖRK

## ROOM

BYGGT Á SAMNEFNDRI METSÖLUBÓK

AN A24 RELEASE TELEFILM CANADA FILM4 AND BÓRÐ SCANNÁN NA WÉIREANN/THE IRISH FILM BOARD  
WITH THE PARTICIPATION OF ONTARIO MEDIA DEVELOPMENT CORPORATION PRESENT AN ELEMENT PICTURES/NO TRACE CAMPING PRODUCTION IN ASSOCIATION WITH DUPERELE FILMS A FILM BY LENNY ABRAHAMSON "ROOM"  
BRIE LARSON JACOB TREMBLAY JOAN ALLEN SEAN BRIDGERS AND WILLIAM H. MACY CASTING BY FIONA WEIR ROBIN D. COOK CSA COSTUME DESIGNER LEA CARLSON MUSIC BY STEPHEN RENNICKS EDITOR NATHAN NUGENT PRODUCTION DESIGNER ETHAN TOBMAN  
DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY DANNY COHEN BSC BASED ON THE NOVEL BY EMMA DONOGHUE EXECUTIVE PRODUCERS ANDREW LOWE EMMA DONOGHUE JESSE SHAPIRA JEFF ARKUSS DAVID KOSSE ROSE GARNETT TESSA ROSS  
PRODUCED BY ED GUINEY p.g.a. DAVID GROSS SCREENPLAY BY EMMA DONOGHUE DIRECTED BY LENNY ABRAHAMSON



12

## DAGSKRÁ

## Mánudagur

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2  
08.05 The Middle  
08.30 Two and a Half Men  
08.50 2 Broke Girls  
09.15 Bold and the Beautiful  
09.35 Doctors  
10.20 A to Z  
10.45 Mike & Molly  
11.05 Project Runway  
11.50 Á fullu gazi  
12.15 Léttir sprettir  
12.35 Nágrannar  
13.00 American Idol  
13.45 American Idol  
15.05 Pretty Little Liars  
15.50 ET Weekend  
16.30 Scooby-Doo! Mystery Inc.  
16.57 Bold and the Beautiful  
17.21 Nágrannar  
17.45 Ellen  
18.30 Fréttir Stöðvar 2  
18.47 Íþróttir  
18.55 Ísland í dag  
19.25 Grand Designs - Living  
20.15 Landnemarnir  
20.50 Suits  
21.40 Vinyl  
22.35 Vice 4  
23.05 Major Crimes  
23.40 100 Code  
00.35 Transparent  
01.00 Mad Dogs  
01.55 Machete Kills  
03.40 A Haunted House

## SPORT

08.35 Southampton og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.  
10.20 Grindavík og Haukar í Dominos deild karla.  
11.45 Körfuboltakvöld  
13.20 Inter Milan og Palermo í ítölsku úrvalsdeildinni.  
15.00 Chelsea og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.  
16.40 Barcelona og Rhein-Neckar Löwen í Meistaradeild Evrópu í handbolta.  
18.05 Markapáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta  
18.35 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur  
19.00 Njarðvík og Haukar í Dominos deild karla beint.  
21.00 Spænsku mörkin 2015/2016  
21.30 Football League Show 2015/16  
22.00 Körfuboltakvöld  
23.35 Watford og Leicester City í ensku úrvalsdeildinni.  
01.15 Augsburg og Bayer Leverkusen í þýsku úrvalsdeildinni.

## SPORT 2

11.30 Newcastle og Bournemouth í ensku úrvalsdeildinni.  
13.10 Frosinone og Udinese í ítölsku úrvalsdeildinni.  
14.50 Njarðvík og Stjarnan í Dominos deild karla.  
16.25 Körfuboltakvöld  
17.55 Veszprém og Wisla Plock í Meistaradeild Evrópu í handbolta.  
19.20 West Bromwich Albion og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.  
21.00 Messan  
22.15 Atalanta og Juventus í ítölsku úrvalsdeildinni.  
23.55 Tottenham Hotspur og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.

## GOLFSTÖÐIN

09.05 Golfing World 2016  
09.55 Golf - 2007 US Masters  
12.40 Inside The PGA Tour 2016  
13.05 Cadillac Championship  
19.05 PGA Tour 2016 - Highlights  
20.00 HSBC Women's Open  
23.00 PGA Tour 2016 - Highlights

## STÖÐ 3

17.10 The Amazing Race. All Stars  
17.55 Drop Dead Diva  
18.40 One Born - What happened Next  
19.30 Who Do You Think You Are  
20.15 Hell's Kitchen USA  
21.00 My Dream Home  
21.45 The Mysteries of Laura  
22.30 The Originals  
23.10 Pretty Little Liars  
23.55 Who Do You Think You Are  
00.35 Hell's Kitchen USA  
01.20 My Dream Home  
02.05 The Mysteries of Laura  
02.50 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Lina Langsokkur  
07.23 Latibær  
07.48 Hvellur keppnisbill  
08.00 Ofurhundurinn Krypto  
08.25 Brunabílarnir  
08.47 Ævintýraferðin  
09.00 Dóra könnuður  
09.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
09.45 Tommi og Jenni  
09.50 Gulla og grænjaxlarnir  
10.00 Áfram Diego, áfram!  
10.24 Svampur Sveins  
10.49 Rasmus Klumpur og félagar  
10.55 UKI  
11.00 Lina Langsokkur  
11.23 Latibær  
11.48 Hvellur keppnisbill  
12.00 Ofurhundurinn Krypto  
12.24 Brunabílarnir  
12.48 Ævintýraferðin  
13.00 Dóra könnuður  
13.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
13.45 Gulla og grænjaxlarnir  
13.55 Tommi og Jenni  
14.00 Áfram Diego, áfram!  
14.24 Svampur Sveins  
14.49 Rasmus Klumpur og félagar  
14.55 UKI  
15.00 Lina Langsokkur  
15.23 Latibær  
15.48 Hvellur keppnisbill  
16.00 Ofurhundurinn Krypto  
16.24 Brunabílarnir  
16.48 Ævintýraferðin  
17.00 Dóra könnuður  
17.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar  
17.45 Gulla og grænjaxlarnir  
17.55 Tommi og Jenni  
18.00 Áfram Diego, áfram!  
18.24 Svampur Sveins  
18.49 Rasmus Klumpur og félagar  
18.55 UKI  
19.00 Algjör Sveppi og töfraskápurinn  
09.45 Tom and Jerry

## GULLSTÖÐIN

18.45 Raising Hope  
19.10 Friends  
19.35 Sjálfstætt fólk  
20.15 Heimsréttir Rikku  
20.45 Sisters  
21.30 The 100  
22.15 Dallas  
23.00 Nikita  
23.40 Heimsréttir Rikku  
00.10 Sisters  
00.55 The 100  
01.40 Dallas  
02.20 Nikita  
03.05 Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

09.30 Another Happy Day  
11.30 Hyde Park On Hudson  
13.05 Boyhood  
15.45 Another Happy Day  
17.40 Hyde Park On Hudson  
19.15 Boyhood Stórmynd sem tilnefnd var til Óskarsverðlaunana sem besta myndin 2014. Boyhood er þroskasaga Masons og fylgjum við honum í 12 ár af lífi hans, frá unga aldri þangað til hann byrjar í menntaskóla. Mason flytur ungur ásamt mömmu sinni og systur til að hefja nýtt líf eftir skilnað foreldra hans. Hann upplifir miklar breytingar á lífi sínu sem móta hann fyrir lífstíð. Með aðalhlutverk fara Ellar Coltrane, Patricia Arquette og Ethan Hawke.  
22.05 The Hangover 3 Gamanmynd frá 2013 með Bradley Cooper, Zach Galifianakis og Ed Helms í aðalhlutverkum. Þetta er þriðja myndin um hið óborganlega Úlfagengi. Núna þurfa félagarnir að standa saman þegar einum úr hópnum er rænt.  
23.45 Red Lights  
01.35 Breakout  
03.00 The Hangover 3

## RÚV

16.40 Popp- og roksaga Íslands  
17.45 Táknafréttir  
17.55 KrakkaRÚV  
17.56 Hvolpasveitin  
18.18 Sebbi  
18.30 Skúli skelfir  
18.42 Hróturinn Hreinn  
18.50 Krakkafréttir  
19.00 Fréttir  
19.25 Íþróttir  
19.30 Veður  
19.35 Kastljós  
20.10 Atlantshaf - ólgandi úthaf  
21.05 Spilaborg  
22.00 Tíufréttir  
22.15 Veðurfréttir  
22.20 Latinbóndinn  
23.15 Hálfbróðirinn  
00.00 Kastljós  
00.35 Fréttir

## SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist  
08.00 Everybody Loves Raymond  
08.22 Dr. Phil  
09.06 Top Chef  
09.48 Minute To Win It  
10.35 Pepsi MAX tónlist  
13.05 Dr. Phil  
13.47 The Office  
14.09 Scorpion  
14.49 Red Band Society  
15.31 Jennifer Falls  
15.51 Jane the Virgin  
16.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon  
17.19 The Late Late Show with James Corden  
17.59 Dr. Phil  
18.43 Everybody Loves Raymond  
19.06 King of Queens  
19.28 How I Met Your Mother  
19.50 The McCarthys  
20.10 Difficult People  
20.35 Baskets  
21.00 Hawaii Five-0  
21.45 CSI. Cyber  
22.30 The Tonight Show with Jimmy Fallon  
23.10 The Late Late Show with James Corden  
23.50 Secrets and Lies  
00.35 The Good Wife  
01.20 Elementary  
02.05 Hawaii Five-0  
02.50 CSI. Cyber  
03.35 The Tonight Show with Jimmy Fallon  
04.15 The Late Late Show with James Corden



20:15

## LANDNEMARNIR

Við kynnumst Skallagrími Kveldúlfssyni í næsta þætti Landnemanna. Var Egill Skallagrímsson eins svakalegur og sagt var og hvað er að marka Egilssögu? Í Borgarfríði er sagan grunnur ferðamennsku og Kristján Már heimsótti Landnámssetrið í Borgarnesi.

SKEMMTILEGUR  
MÁNUDAGUR!

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:30

GRAND DESIGNS  
- LIVING IN THE CITY

Kevin McCloud kynnis sér nú heimili í þéttbýli þar sem er lögð áhersla á nútímahönnun, orkunýtni og hvernig nýting á plássi og útsýni er hámarkað.



20:50

## SUITS

Það gengur á ýmsu hjá svalasta lögfræðiteymi New York borgar og þeir Mike Ross og Harvey Specter fara ekki alltaf eftir lagabókstafnum.



21:35

## VINYL

Bráðskemmtilegir þættir um tónlistarframleiðandann Richie Finestra sem reynir að skapa sér framtíð í heimi sem er fullur af hindrunum og freistingum.



22:35

## VICE

Ferskur og vandaður fréttapáttur frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjöllinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.



21:00

## MY DREAM HOME

Stórgóðir þættir með tvíburabráðrunum Drew Scott og Jonathan Silver Scott en þeir hjálpa þörum að finna, kaupa og gera upp drauma-fasteignirnar þeirra.



19:00

ALGJÖR SVEPPI OG  
TÖFRASKÁPURINN

Stórskemmtileg mynd um félagana Sveppa, Villa og Góa sem lenda í því að óprúttnir náungar stela skápnunum úr herberginu hans Sveppa.



©2016 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útvarp Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

- ÁSAMT STÓRRI HLJÓMSVEIT -

# Bryan Ferry

16.05.16

- LEIKUR ÖLL SÍN BESTU LÖG FRÁ EIGIN FERLI OG ROXY MUSIC -

# Harpa, Eldborg

HARPA.IS

BRYANFERRY.COM

TIX.IS

# LÍFIÐ

## Tískutryllir í París

Hátískuborgin París er fullkominn lokahnykkur á tiskuvikunum sem hefjast í New York, rúlla yfir til London og þaðan til Mílanó áður en herlegheitunum er lokið í París. Má með sannni segja að tiskuvikur hafi fest sig rækilega í sessi, enda má rekja upphaf þeirra aftur til 1943. Í ár, voru þær Gigi Hadid og Kendall Jenner býsna atkvæðamiklar og fóru ekki síður stórum utan pallanna. Þær vekja athygli hvar sem þær drepa niður fæti, enda einhverjar vinsælustu fyrirsætur heims akkúrat núna.



Kendall Jenner.  
Balmain.



Stílistinn Alessandro Michele var sessunautur engrar annarrar en Önnu Wintour á Balenciaga-sýningunni. Það er alveg stórmál.



Tískuprinsessan Olivia Palermo lét sig ekki vanta. Hún skellti sér í þetta gullfallega pils og spókaði sig um Parísarborg á laugardagskvöldið.



Jessica Alba var aldeils hress er hún mætti á Christian Dior á föstudaginn var.



Jacquemus fór skemmtilega út fyrir kassann.



Kendall Jenner og Gigi Hadid eru þær allra heitustu um þessar mundir og sjást hér slaka á eftirpartii hjá Balmain.

## Rússíbanareið hellisbúans birtist í einfaldlega skemmtilegum leik

Þrátt fyrir að vera á marga vegu líkur forverum sínum, er nýjasti Far Cry leikurinn, Primal, í grunninn mjög frábrugðinn þeim. Far Cry leikirnir eru fyrst og fremst gerðir til að vera skemmtilegir og veita spilurum frelsi til að valda usla á fjölbreyttan hátt í stórum opnum heimi og þar er FCP engin undantekning.

Síðast þegar undirritaður skrifaði dóm um Far Cry leik sagði ég: „Líklega mun það ekki borga sig fyrir Ubisoft að leika sama leikinn þrisvar, ef svo má að orði komast, og vonandi verður meiri framþróun í næsta Far Cry leik.“

Í stað þess að fara fram á við ákvað Ubisoft hins vegar að farið yrði til baka. Nánar tiltekið um tólf þúsund ár aftur í tímann. Leikurinn gerist árið tíu þúsund fyrir Krist, í landinu Oros í norðanverðri Evrópu. Veidimaðurinn Takkar, er á ferð ásamt hópi annarra úr Wenja-ættbálkinum

í leit að fólki sínu þegar óhöppin dynja yfir hvert af öðru.

Verkefni spilara er að koma meðlimum Wenja til bjargar og sameina ættbálkin á ný, byggja upp þorp og sigra óvini þeirra.

Í Primal eru spilarar ekki gangandi vopnaðir eins og í fyrri Far Cry leikjum. Aðalvopn leiksins eru kylfur, spjót og bogar. Í stað hraðskreiðra bíla og báta er nú hægt að ríða ljónum, björnum og filum. Í stað



**SÍÐAST ÞEGAR UNDIRRITADUR SKRIFAÐI DÓM UM FAR CRY LEIK SAGDI ÉG: „LÍKLEGA MUN ÞAÐ EKKI BORGA SIG FYRIR UBISOFT AÐ LEIKA SAMA LEIKINN ÞRISVAR, EF SVO MÁ AÐ ORÐI KOMAST, OG VONANDI VERÐUR MEIRI FRAMÞRÓUN Í NÆSTA FAR CRY LEIK**

Söguhetja leiksins, Takkar, getur tamið rándýr Oros og nýtt þau í orrustu við óvini sína. MYND/UBISOFT


eiturlyfjabaróna, sérvittra einræðisherra og málaliða þurfa spilarar nú að berjast við frumstæða ættbálka og náttúruna.

Náttúran kemur þó einnig til bjargar og hægt er að temja rándýr Oros og nota þau til veiða og hernáðar. Leikurinn er mjög ofbeldisfullur og blóðugur, sem virðist eiga rétt á sér miðað við uppsetningu hans á forsögulegum tímum.

FCP keyrir á sömu grafíkúvél og FC 3 og 4, en hún hefur verið uppfærð og leikurinn lítur mjög vel út. Sagan er þó frekar slöpp og fjendur Takkar eru litlausir. Fyrst og fremst er leikurinn þó einfaldlega skemmtilegur og þá sérstaklega bardagakerfi hans. Oros er risastórt land sem iðar af lífi og það er auðvelt að gleyma verkefninu sem fyrir liggur til að skoða hvað er handan við næstu beygju.

Samúel Karl Ólason

Wenja-ættbálkurinn er í hættu og verkefni Takkar er að koma honum til bjargar.



MYND/UBISOFT

# Túrmerik tófúsalat með avokadó


Tófu (stíft)  
Lifræn jómfrúarolia  
Rauðlaukur, smátt saxaður  
Sveppir, smátt saxaðir  
Tómatar, smátt saxaður  
Spergilkál, gróft skorið  
Tamarisósa  
Túrmerik, ¼ úr tsk.  
Umeboshi-edik um 1 msk  
Einnig hægt að nota ½ tsk. rauðvinsedik og ½ tsk. tamarisósu  
Nýmalaður svartur pipar  
Sólpurkaldir tómatar  
Spinat, rucola, lárpera, ólífur

Byrja á að pressa tófu, gott að leggja á þrefalt lag af eldhúspappír á disk og svo tófústykkid ofan á það. Þá er gott að setja ofan á tófuð þungt skurðarbretti. Gott að láta pressast um 30 mínútur.

Hitaða ólífuoliuna á meðalheitri pönnu. Byrjið á að léttsteikja rauðlaukinn þar til mjúkur, bætið þá við sveppum, tómati og spergilkálinu. Rífa eða skera niður tófústykkid og

setja út á pönnuna. Kryddið litilega með túrmerik og skvettid smá tamarisósu yfir. Bætið við umeboshi-ediki og hrærið öllu vel saman. Kryddið með svörtum pipar. Rucola og spinat sett á disk. Tófublöndunni hellt yfir og skreytt með lárperu og ólífum.

Uppskrift fengin frá [maturmillimala.com](http://maturmillimala.com)



Gigi Hadid.  
Balmain.

Smáatriðin geta öllu breytt. Forkunnar-  
fögur hné biðu fyrir utan sýningu  
Christian Dior.

## Tækni í mars



**SIEMENS - Bakstursofn**  
HB 675G0S1S (stál)

Með stóru 71 lítra ofnrými. Fjöldi sjálfvirkra kerfa. 13 ofnaðgerðir, þar á meðal 4D heitur blástur. TFT-skjár með texta.

Tækifærisverð:  
**149.900 kr.**  
(Fullt verð: 189.900 kr.)

SMITH & NORLAND



**SIEMENS - Þvottavél**  
WM 14P3S8DN

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur og sparneytinn mótör.

Tækifærisverð:  
**109.900 kr.**  
(Fullt verð: 139.900 kr.)

SMITH & NORLAND



**SIEMENS - Ryksuga**  
VS 06B120

Parkett og flísar, flokkur D. Teppi, flokkur E. Útblástur A. Hljóð: 81 dB.

Tækifærisverð:  
**14.900 kr.**  
(Fullt verð: 19.900 kr.)

SMITH & NORLAND



**BOSCH - Kæli- og frystiskápur**  
KGV 39VW31

Hvítur. „CrisperBox“-skúffa: Tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. „LowFrost“-tækni: Lítil klakamyndun og affrýsting auðveld. H x b x d: 201 x 60 x 65 sm.

Tækifærisverð:  
**87.900 kr.**  
(Fullt verð: 109.900 kr.)

BOSCH BÚÐIN



**BOSCH - Hrærivél**  
MUM 4405

Hrærir, hnoðar og þeytir. Fyrirferðalítill og öflug. 500 W.

Tækifærisverð:  
**15.900 kr.**  
(Fullt verð: 21.900 kr.)

SMITH & NORLAND BOSCH BÚÐIN



**BOSCH - Þvottavél**  
WAB 28296SN

Vindur upp í 1400 sn./mín.

Tækifærisverð:  
**69.900 kr.**  
(Fullt verð: 89.900 kr.)

BOSCH BÚÐIN

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)

**BOSCH**  
**BÚÐIN**

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090  
[www.bosch.is](http://www.bosch.is)

Charlotte Julien

Dream your world™

HEILSURÚM



HEILSUDÝNAN SEM LÆTUR ÞÉR OG ÞÍNUM LÍÐA VEL

5 ÁRA  
ÁBYRGÐ

C&amp;J GOLD HEILSURÚM

- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi.
- Laserskorið heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um lit á botni og löppum.

## FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR  
UNGT, VAXANDI FÓLK

## C&amp;J GOLD

STÆRÐ	FULLT VERÐ M/COMFORT BOTNI	FERMINGAR- TILBOÐ
100X200	116.800 KR.	89.900
120X200	141.460 KR.	99.900
140X200	156.460 KR.	109.900

JUSTIN BIEBER

FERMINGAR-  
LEIKUR

10 HEPPNIR

FÁ TVO MIÐA

Á TÓNLEIKANA

## ER BARNIÐ ÞITT AÐ FERMAST?

Komdu í verslun okkar í Reykjavík, Akureyri eða Ísafirði og fylltu út þátttökuseðil í Fermingarleik Betra Baks og Bylgjunnar.

10 heppnir einstaklingar fá miða fyrir tvo á tónleika Justin Bieber 9. september.

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100SKEIÐI 1  
Ísafirði  
456 4566



Róbert Laxdal verður átján ára innan skamms og er með tvær nýjar plötur í smíðum. Kötturinn hans sem heitir Keli læðist hér inn á myndina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Emmsjé Gauti og Úlfur Úlfur helstu fyrirmyndirnar

Róbert Laxdal er sautján ára gamall rappari og gaf hann út sína fyrstu plötu fyrir skömmu. Hann segir móður sína eiga talsverðan þátt í rappáhuganum og vinnur nú þegar að tveimur nýjum rappplötum.

Róbert Laxdal er sautján ára gamall rappari sem sendi í desember síðastliðnum frá sér sína fyrstu plötu og ber hún nafnið Púsluspil. Hann hefur alltaf haft mikinn áhuga á rappi en segir jafnframt að móðir sín, Ingibjörg Ferdinandsdóttir, eigi sinn þátt í að kveikja áhugann á rappi. „Já, ég hef alltaf haft mikinn áhuga á rappi. Mamma mín er líka oft að segja mér frá því, þegar ég var í maganum á henni, þá var hún mikið að hlusta á Snoop Dogg og Eminem og eitt-hvað svoliðið, þannig að hún vill meina að hún hafi haft einhver áhrif á þetta,“ segir Róbert spurður út í rappáhugann. „Ég myndi líka segja að hún væri líklega helsti aðdáandi minn og sú sem sýnir þessu mestan áhuga,“ bætir Róbert við.

## Semur textana sjálfur

Platan kom út á streymissíðunni SoundCloud, þar sem hægt er að hlusta á hana frítt. Hann segur alla textana á plötunni sjálfur en fékk þó smá aðstoð við gerð plötunnar, meðal annars frá félagu sínum, Arnóri Breka, en saman unnu þeir Rímnaflæði árið 2013. „Arnór á einhverja fjóra takta á plötunni og eitthvað í nokkrum textum. Svo er ég líka með aðra takta sem ég hef meðal annars keypt á netinu en þetta er náttúrulega bara frí plata þannig að ég er ekki að græða neitt á þessu. Ég gef Arnóri mikið kredit því hann mixaði líka plötuna,“ útskýrir Róbert.

Tónlistarmaðurinn Valgeir Skagfjörð masteraði plötuna en Valgeir er fyrrverandi pianókennari Róberts. „Við kynntumst þegar ég

„ÉG ER NÆSTUM ÞVÍ ALVEG TILBÚINN MEÐ NÝJA PLÖTU. ÉG ER MEIRA AÐ SEGJA LÍKA AÐ VINNA Í ANNARRI PLÖTU MEÐ FÉLAGA MÍNUM, DAVID FANNARI, EN HÚN VERÐUR Á ENSKU.“

var að læra á píanó hjá honum. Svo missti ég áhugann á píanóinu en hélt alltaf sambandi við hann. Hann bauðst svo til að mastera stök lög fyrir mig og á endanum masteraði hann alla plötuna.“

## Draumur að rappa með Emmsjé Gauta

Róbert á sér nokkra uppáhaldsrappara og segir að Kanye West og Pharrell séu hans helstu áhrifa-valdar en á hann sér einhverja uppáhaldsrappara hér á landi? „Emmsjé Gauti og Úlfur Úlfur eru í uppáhaldi í rappinu en almennt, þá finnst mér Ásgeir Trausti vera rosalega góður, ég myndi segja að platan hans væri uppáhaldi hjá mér núna.“

„Já, það væri alveg geðveikt,“ segir Róbert léttur í lundu, spurður út í hvort hann dreymi um að rappa með sínum uppáhaldsröppurum, Emmsjé Gauta og Úlfi Úlfi.

Róbert er úr Mosfellsbænum, sem hefur jú alið af sér kanónur í íslensku rappsenunni eins og Dóra DNA og Steinda Jr. og stundar nám við Verzlunarskóla Íslands og er þar

á öðru ári. Hann segist taka lítið eftir rappsenunni í Verzló en hefur áhuga á að vinna í tónlist með öðrum. „Ég tek lítið eftir því sem er að gerast í rappinu í Verzló en ég hef sjúklegan mikinn áhuga á að kynna fólki sem er að gera tónlist og er á svipuðum aldri og ég,“ segir Róbert.

## Kominn með efni í nýja plötu

Róbert leggur mikið í sköpun sína og vann til að mynda að sinni fyrstu plötu í næstum heilt ár. „Ég byrjaði að vinna í plötunni í janúar og hún kom út í desember, þannig að það fór alveg heilt ár í hana. Mér finnst að tónlistarmenn verði að hafa trú á sjálfum sér og því sem þeir eru að gera og alls ekki búa til einhverja ákveðna tegund af tónlist bara svo fólki líki við þá og hlusti á þá. Mér finnst að tónlistarmenn eigi að búa til tónlist sem þeim þykir vera best og helst leggja mikla vinnu í það sem þeir eru að gera,“ útskýrir Róbert.



Um þessar mundir er hann að vinna að tveimur plötum, önnur verður á íslensku og hin á ensku. „Ég er næstum því alveg tilbúinn með nýja plötu. Ég er meira að segja líka að vinna í annarri plötu með félagu mínum, Davíð Fannari, en hún verður á ensku.“

Hann segir þó að hann eigi auðveldara með að skrifa texta á íslensku heldur en ensku. „Ég get skrifað eitt lag á íslensku á mjög stuttum tíma en þegar ég skrifa á ensku þarf ég að leggja meiri vinnu og tíma í þetta.“

Róbert veit ekki alveg hvenær næsta plata kemur út en gerir ráð fyrir að það verði á árinu.

gunnarleo@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jóhann Waage johannwaage@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsson vera@365.is RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



# REYKJAVÍKUR SKÁKMÓTIÐ


8.-16. MARS Í HÖRPU



GAMMA er aðalstyrktar-  
aðili mótsins og vill  
tryggja því veglega  
umgjörð sem höfðar  
til almennings.

Reykjavíkurskákmtíð  
er eitt vinsælasta opna  
skákmót heims og hefur  
laðað til sín fjölda frá-  
bærra skákmanna í  
rúmlega 50 ár.

[reykjavikopen.com](http://reykjavikopen.com)



GAMMA

## Bakþankar

Hauks Viðars  
Alfredssonar



## Leiðinlegi maturinn

Kvöld eitt í lok janúar stóð ég kaldur og blautur í hundslappadrifu fyrir utan húsið mitt og drap í síðustu sigarettu dagsins. Ég kjagaði upp tröppurnar og fór úr jakkanum mínum um leið og ég gekk inn í íbúðina. Það var hræðileg lykt af jakkanum — þegar maður reykir í úrkomu magnast reykingalyktin einhvern veginn upp. Ég fór inn á það, þvodi mér um hendur og burstaði tennur. Þegar ég var búinn að því tók ég eftir því að ég var móður.

Ó, nei! Sonur minn, sem kemur í heiminn eftir fimm daga, mun eiga þessa sem nennir aldrei að leika við hann og lyktar eins og rusl. Þetta gengur ekki lengur. Nú hættir þetta fyrir fullt og allt. Bless hamborgara, pítsa og fröllur. Bless kleinuhringir, snúðar og vinarbrauð. Bless nammi-bar á laugardögum. Bless pinulitla kúla í filternum á svörtum Winston sem breytir sigarettunni minni í After Eight.

Nú á ég fimm vikna dreng sem er um sex kíló. Ég er sjálfur búinn að missa þyngd hans framan af vömbinni en það sér það enginn. Dropi í hafið og allt það. En mér líður miklu betur. Ég er meira að segja alveg búinn að borða hamborgara og ís. Bara ekki átján hamborgara og vaskafat af ís. Þar liggur munurinn.

Ég viðurkenni það samt fúslega að þetta getur verið hundleiðinlegt. Að sitja skömmustulegur á varamannabekknunum á meðan vinnufélagarnir gúffa í sig tertum í fimmtudagskaffinu. Að fara ekki á Nonnabita í hádeginu heldur telja ofan í mig fetastskubba með Tupperware-salatínu mínu. Að horfa á bíómynd án þess að gleypa heilan Pringles – stauk með pappa og loki. Barasta ekki neitt skemmtilegt. En ég er 36 ára og ég ætla að mæta í 36 ára afmæli sonar míns. Þá hreinlega neyðist ég til að byrja að borða leiðinlega matinn.

## Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,  
Vesturbergi og  
Arnarbakka



Iceland



HREINT

Við göngum hreint til verks og í áratugi höfum við lagt áherslu á hreina framleiðslutækni. 90% af okkar pappír kemur úr nytjaskógum.

 Guðjón Ó  
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



50%  
AFSLÁTTUR!

## Drottning vikunnar

King Koil Fondness

(Queen Size 153x203 cm)

Verð áður 211.774 kr. **VERÐ NÚ 105.887 kr.**

  
KING KOIL.

ALLAR AÐRAR DROTTNINGAR  
Í QUEEN SIZE (153x203 cm)  
MEÐ 20% AFSLÆTTI

rekkjan